



SKOÐUN Kauphöllin hefur tvískvar sinnum nýlega stöðvað viðskipti með skuldbréf Íbúðalánasjóds. **18**



MENNING Nýja Hjaltalínplatan, Enter 4, fær fullt hús hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins. **34**



SPORT Manchester City þarf að leggja Dortmund að velli í Pýskalandi til að bjarga heiðri sínum í Evrópu. **24**



NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

...á þínum vegum!

568 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

4. desember 2012
285. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Norskur gæðastimpill

Norska ríkisólufyrirtækið Petoro mun taka þátt í olíuleit á Dreka-svæðinu. Ákvörðunin þykir vera gæðastimpill fyrir svæðið. **8**

Of há tré Aukin hæð trjáa hér á landi getur valdið vandræðum í slæmu veðri. Standa þarf rétt að grisjun skóga. **2**

Brugðist við beiðni Tyrkja Atlantshafsbandalagið bregst við beiðni Tyrkja um að fá Patriot-loftvarnaflaugar til að verjast hugsanlegum árásum frá Sýrlandi. **6**

Skítaflétta Dularfull, handskrifuð breyting á bankaskjali var í aðalhlutverki á fyrsta degi réttarhaldanna í Vafningsmáli sérstaks saksóknara. **10**



Bolungarvík	-1°	S	7
Akureyri	1°	SV	2
Egilsstaðir	-1°	A	2
Kirkjubæjarkl.	1°	A	2
Reykjavík	2°	SA	6

Hæglætisveður, víða 2-7 m/s en heldur hvassara syðst. Nokkuð bjart NA- og A-til, annars bjart með köflum og stöku él við suðvestur- og vesturströndina. **4**

SÉRBLAÐ



Opið til
22
öll kvöld fram að jólum
jólabúðin þín
byggð og búið
568 9400 byggdgbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggdgbuid



VEL STEMMDAR Í SERBÍU Leikmenn íslenska kvennalandsliðsins í handknattleik voru í banastuði á æfingu sinni í keppnishöllinni í Vrsac í Serbíu í gær. Íslensku stelpurnar mæta Svartfellingum í fyrsta leik sínum í D-riðli Evrópumótsins í dag.

Byggt í Úlfarsárdal fyrir 3,7 milljarða

Íbúðahverfið í Úlfarsárdal og Grafarholti verður sex sinnum minna en gert hefur verið ráð fyrir. Ný sundlaug, samþættur leik- og grunnskóli og íþróttahús verða reist. Uppbyggingin verður fjármögnuð með framlagi úr borgarsjóði og sölu lóða.


REYKJAVÍK Algjör stefnubreyting verður í uppbyggingu Úlfarsárdals. Í stað 18.000 manna byggðar er gert ráð fyrir 2.500 til 3.000 manna byggð. Um áramótin voru 352 með lögheimili í Úlfarsárdal. Reykjavíkurborg mun setja 3.650 milljónir í uppbyggingu í Úlfarsárdal og Grafarholti á næstu fimm árum.

Önnur umræða um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fer fram í dag. Þar verða kynnt uppbyggingaráform í Úlfarsárdal, en á næstu fimm árum á að reisa nýjan samþættan leik- og grunnskóla, íþróttahús í fullri keppnisstærð og sundlaug. Á næsta ári verða 250 milljónir settar til verkefnisins og efnt til hönnunarsamkeppni.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að Úlfarsárdalur sé það hverfi sem verst hafi farið út úr hruninu. Uppbyggingin, sem unnið hafi verið að í samvinnu við íbúa, auki vonandi bjartsýni á framtíð hverfisins.

„Þetta verður rólegra og friðsælla hverfi en lagt var upp með, en við veitum þó fullburða þjónustu með því að setja niður íþróttasvæði og sundlaug, auk samstæðs leik- og grunnskóla. Við vitum að

→ **Úr 18.000 manna byggð í 2.500**



■ Skipulagssvæði skv. Aðalskipulagi 2001-2024 ■ Skipulagssvæði skv. nýjum tillögum íþróttasvæði

margir íbúar hafa haft áhyggjur af því. Ég held að allir, þar með talið íbúarnir, hafi horfst í augu við það að það þurfti að trappa gömlu áformin niður.“

Framkvæmdirnar verða að hluta til fjármagnaðar með sölu lóða. Framlag úr borgarsjóði ræðst af eftirspurn af lóðunum.

„Við leynum því ekkert að þetta eru síðustu suðurhlíðarnar á höfuðborgarsvæðinu. Nú þegar við hugsum Úlfarsárdal og Grafarholt sem heild er komin svipuð hverfis-

eining og við þekkjum úr Árbæjarhverfi. Stóra breytingin er í raun að í nýju aðalskipulagi munum við ekki gera ráð fyrir þessari gríðarlega miklu uppbyggingu í Úlfarsárdal eins og áður var.“

Íþróttafélagið Fram og Reykjavíkurborg gerðu með sér samning um flutning félagsins í hverfið, en þá var gert ráð fyrir 18.000 íbúum. Dagur segir borgina vilja standa við þann samning, en vegna breyttra forsenda verði fundað með Fram um málið.

Hjúkrunarfræðingar fá nóg: 130 segja upp á sjö deildum

VINNUMARKAÐUR Hópur sem kallar sig „aðgerðahóp hjúkrunarfræðinga“ segir í skeyti til fjölmiðla að 130 hjúkrunarfræðingar hið minnsta hafi nú sagt starfi sínu lausu á sjö deildum Landspítalans. Á spítalanum starfa um 1.200 hjúkrunarfræðingar.

Björn Zoega, forstjóri LSH, segir að meta þurfi stöðuna vegna óánægju hjúkrunarfræðinga. „Það gæti alveg stefnt í óefni, en ekkert er hægt að gefa sér um það fyrir fram.“

- óká / sjá síðu 4

ROYAL
Tryggir öruggan bakstur

ROYAL
BAKING POWDER
LYFTIDUFT

SPURNING DAGSINS



Jakob, muntu framvegis hefja öll sund á flikk flakki?

„Kannski að ég skiptist á því og arabastökki með skrófu.“

Jakob Jóhann Sveinsson sundkappi hefur æft fimleika samhliða sundiðkun sinni upp á síðkastið.

Ófærð og illviðri á Austurlandi urðu þess valdandi að umferð minnkaði um 27,5% í nóvembermánuði: Umferð mun minni vegna óblíðs tíðarfars


SAMGÖNGUR Umferðin á hringveginum, samkvæmt sextán lykilteljurum Vegagerðarinnar, reyndist 6,4 prósentum minni núna í nóvember miðað við sama mánuð í fyrra. Ekki hefur mælst minni umferð í nóvember síðan byrjað var að taka þessar tölur saman árið 2005. Umferðin nú er 4,5 prósentum minni en í nóvember 2005.

Vegagerðin rekur samdráttinn til slæmrar tíðar í nýliðnum nóvembermánuði. Reiknað er með því að umferðin fyrir árið í heild

verði þó svipuð og í fyrra þegar allt er talið. Þetta er mesti samdráttur milli mánaða árána 2011 og 2012 ef frá er talinn janúarmánuður þar sem mældist 10% samdráttur.

Frá árinu 2005 hefur einungis einu sinni áður mælst meiri samdráttur milli nóvembermánaða en það var milli árána 2007 og 2008, sem þá var 6,6%. Samdráttur varð á öllum landsvæðum en mestur á Austurlandi, eða 27,5%. Minnstur samdráttur varð í grennd við höfuðborgarsvæðið eða 2,5%. - shá

UMFERÐIN Í NÓVEMBER á landsvísu 2011 og 2012



VILHJÁLMUR OG KATE „Pau verða frábærir foreldrar,“ tvítáði David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, eftir að hafa heyrt tíðindi dagsins.

Fjölgun í konungsfjölskyldunni

ENGLAND Það er von á fjölgun í bresku konungsfjölskyldunni. Vilhjálmur og Kate, hertogahjón af Cambridge, eiga von á barni samkvæmt tilkynningu frá bresku hirðinni.

Hin verðandi móðir hefur þjádast af ógleði á morgnana og er um þessar mundir á sjúkrahúsi þar sem hún verður næstu dagana, að því er fram kemur í fréttum Sky News.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, tvítáði um tíðindin og lýsti yfir ánægju sinni með þau. „Pau verða frábærir foreldrar,“ skrifaði forsætisráðherrann meðal annars.

Vilhjálmur prins og Kate gengu í hjónaband í apríl í fyrra. - ibs

Tvær tvítugar handteknar:

Gripnar við kókaínsmygl

LÖGREGLUMÁL Tollverðir í Leifstöð stöðvuðu tvær íslenskar stúlkur um tvítugt við komuna frá London 20. nóvember síðastliðinn. Þær reyndust hafa kókaín innvortis, sem vó samtals tæplega þrjú hundruð grömm.

Stúlkurnar voru úrskurðaðar í gæsluvarðhald til 2. desember og hafa nú verið látnar lausar.

Lögreglan hefur rannsakað málið og er rannsóknin nú á lokastigi, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu. Þar segir jafnframt að ekki hafi fleiri verið handteknir vegna málsins. - sh

Evrópusöngvakeppnin:

Fleiri lönd hætta þátttöku

SVÍPÞÓÐ Talsmenn stjórnvalda í Grikklandi og Kýpur hafa tilkynnt að líklega muni löndin ekki keppa í Evrópusöngvakeppninni í Malmö í Svíþjóð í vor. Áður höfðu Pólland og Portúgal afboðað þátttöku vegna slæms efnahagsástands.

Í frétt á vef Dagens Nyheter, sem vitnar í The Guardian, er haft eftir Simos Kedikoklou, talsmanni grísku stjórnarinnar, að það væri síðferðislega rangt að taka þátt í söngvakeppninni í Svíþjóð vegna efnahagsástandsins í Grikklandi. - ibs

Tré víða orðin of há til að þola óveður

Vegna aukinnar hæðar trjáa er þeim hættara við að fjúka um koll í vondu veðri. Verður viðvarandi vandamál, þótt ánægjulegt sé að tré hækki, segir sérfræðingur Skógræktarinnar. Standa þarf rétt að grisjun skóga eða sleppa henni alveg.

SKÓGRÆKT Aukin hæð trjáa hér á landi veldur því að búast má við áframhaldandi fréttum af stormfalli þeirra þegar illviðri ganga yfir landið. Að sögn Þorbergs Hjálta Jónssonar, sérfræðings hjá Skógrækt ríkisins á Mógilsá, hefur meðalhæð trjáa aukist mjög hér á landi síðustu áratugi og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. „Þetta verður viðvarandi vandamál, þótt auðvitað sé ánægjulegt að tré hækki,“ segir hann.

Þorbergur bendir á að um aldamótin nítján hundruð hafi hæsta tré landsins verið að finna í Þórðarstaðaskógi í Fnjóskadal, 8,3 metrar á hæð. „Og það var óvenjustórt í þá daga. Hæsta tré núna er eitthvað í kring um 25 metrar og mörg komin yfir tuttugu metra.“ Stormfallsvandamálið sé því tilföllum nýtilkomið hér en fyrsta stormfallið sem orð sé á gerandi hafi orðið eftir grisjun árið 2008. „Þá féllu um fimmtíu tré.“

Í kjölfarið hafi Skógræktin haft samband við bresku ríkisskógræktina, sem starfi við svipaðar aðstæður og hér. „Þeir hafa gert reiknilíkön fyrir þessar tegundir sem við erum með og við förum að reikna út fyrir fram hver yrði líkleg niðurstaða af því að grisja á mismunandi veg.“ Auk þess segir Þorbergur fyrirætlanir um að fá hingað tæki til að mæla styrk trjáa og meta þau og líkur á stormfalli.

Sé ekki rétt staðið að grisjun getur hætta á því að tré fjúki um koll aukist. Þannig segir Þorbergur mikilvægt að fresta því ekki um of að hefja fyrstu grisjun, því þá verður rýmra um



STORMFALL Sigurður G. Tómasson, fjölmíðlamaður og skógarbóndi, við tré sem féllu í Mosfellsbæ í óveðrinu sem gekk yfir í nóvemberbyrjun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

→ **Próunin frá 1900**

Hæsta tré 1900 8,3 m

Hæsta tré 2012 25 m

trén, bolurinn verður gildari og þau geta náð meiri festu í jarðveginum. Að öðrum kosti kann bolurinn að verða mjórri og tré vaxa hærra upp í loft. Sé grisjað of seint aukast því líkur á að þær aðstæður geti skapast að trénum sveiflist mikið í vindi og annað hvort brotni eða missi festu og falli. „En við þessu er svo sem ekkert einfalt svar,“ segir Þorbergur Hjalti. Allt ráðist

þetta af aðstæðum og tegundum á hverjum stað.

„En það er hins vegar ekkert að því að planta þétt ef maður byrjar að grisja á réttum tíma.“ Hinn möguleikinn sé svo að grisja alls ekki. „Ef þú ert með mjög þéttan skóg og grisjar ekki þá er hættan á falli mun minni en í grisjuðum skógi, jafnvel þó hann hafi verið grisjaður rétt.“ olikr@frettabladid.is

Efnt til samkeppni um bestu jólamynd lesenda Fréttablaðsins:

Keppni um forsíðu aðfangadags

KEPPNI Fréttablaðið efnir til samkeppni á meðal lesenda sinna um jólalegar myndir og verður sú besta forsíðumynd Fréttablaðsins á aðfangadag. Aðrar góðar jólamyndir lesenda verða birtar inni í blaðinu á aðfangadag. Í hlut sigurvegara kemur einnig veglegur vinningur frá Sjóvarpsmiðstöðinni en önnur og þriðju verðlaun eru gjafakort í Borgarleikhúsið.

Lesendur eru hvattir til að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn í keppninni, en til greina koma bæði tækifærismyndir og uppstilltar myndir þar sem jólaandinn svífur yfir vötnum.

Skilafrestur myndanna er til hádegis miðvikudaginn 19. desember en þær ber að senda á netfangið ljósmyndakeppni@frettabladid.is. Taka þarf fram í pósti hver höfundur myndanna er og gæta þess að senda myndirnar í prentgæðum.



ALGJÖR JÓLASVEINN Þessi sveinki prýddi forsíðu Fréttablaðsins á aðfangadag fyrir tveimur árum.

FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Gefðu þeim sem þér þykir vænt um...

... hlýju í jólagjöf

DÚN & FIÐUR
Laugavegi 86 - Sími: 511 2004

EFTIRSÓTTAR VÖRUR EIGA EKKI AÐ VERÐA EINMANA Í HILLUNUM FYRIR JÓLIN.

ÞAÐ TEKUR ENGA STUND AÐ FÁ MEIRA MEÐ FLUGFRAKT.

Sumar vörur eru einfaldlega vinsælli en aðrar. Þegar þær hverfa hratt úr hillunum þá er gott að vita af því að nýjar vörur eru innan seilingar með aðstoð Icelandair Cargo.

Á hverjum einasta degi fljúgum við hjá Icelandair Cargo með vörur til og frá Íslandi.

Því tíminn flýgur

ICELANDAIR
CARGO 

GENGIÐ
03.12.2012

	Bandaríkjadalur	125,20	125,80
	Sterlingspund	201,09	202,07
	Evra	163,14	164,06
	Dönsk króna	21,866	21,994
	Norsk króna	22,169	22,299
	Sænsk króna	18,809	18,919
	Japanskt jen	1,5244	1,5334
	SDR	192,34	193,48

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
224,6862

Íslenskir og erlendir vísindamenn greina einn lykilþáttinn í myndun sortuæxlis:

Áfangi í baráttunni gegn krabbameini


RANNSÓKNIR Vísindamenn við Lífvísinda-setur Háskóla Íslands undir forystu Eiríks Steingrímssonar, prófessors við lækna-deild, hafa í samstarfi við erlenda vísindamenn greint byggingu stjórnpótíns sem gegnir lykilhlutverki við myndun sortuæxla. Niðurstöðurnar eru mikilvægur áfangi í leitinni að lækningu við þessari tegund krabbameina.

Grein um rannsóknina var birt í einu virtasta tímariti heims á sviði lífvísinda, Genes and Development.

Stjórnpótínið sem um ræðir nefnist Microphthalmia associated transcription

factor (MITF). Það binst við DNA og stjórnar framleiðslu gena. MITF er lykil-prótín frumanna sem framleiða litarefnið melanín sem ákvarðar lit á húð, hári og augum. MITF eykur framleiðslu litarefnisins þegar líkaminn verður fyrir útfjólubláum geislum sólarljóss. Eins er MITF-prótínið afar mikilvæg stjórnsameind í sortuæxlum, krabbameinum sem myndast úr litfrumunum.

Sortuæxli geta verið banvæn ef þau greinast ekki í tæka tíð en rekja má þrjú af hverjum fjórum dauðsföllum af völdum húðkrabbameins til þeirra.



EIRÍKUR STEINGRÍMSSON Auk hans hafa þær Margrét Helga Ögmundsdóttir nýdóktor og Kristín Bergsteinsdóttir sérfræðingur unnið að rannsókninni ásamt Alexander Schepsky nýdóktor og doktorsnemanum Bengt Phung. MYND/ÍFI

HEIMURINN



Búðir skæruliða sprengdar

1 Kólumbíuher gerði á sunnudag loftárás á þrennar búðir FARC-skæruliða í suðvesturluta landsins, þrátt fyrir að nú standi yfir friðarviðræður milli skæruliða og stjórnvalda. Að sögn Kólumbíuhers höfðu í gær fundust sex lík í búðunum, en alls taldi herinn að þar hefðu verið 60 manns. Þegar viðræður hófust, þann 19. nóvember, lýstu skæruliðarnir yfir einhliða vopnahléi, en stjórnvöld hafa ekki lýst yfir neinum vilja til að virða slíkt vopnahléi.



Dómarar verða með

2 Egypskir dómarar ætla að hafa eftirlit með framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu 15. desember, þar sem þjóðin kys um hið umdeilda stjórnarskráfrumvarp stjórnlagabings landsins. Þetta hafa dómararnir ákveðið að gera þrátt fyrir að vera í verkfalli, sem þeir hófu um helgina til að mótmæla bæði forseta landsins og stjórnlagabinginu. Samkvæmt lögum eiga háttsettir dómarar landsins að hafa eftirlit með þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Níu létust í göngum

3 Níu manns létu lífið þegar steypustykki hrundu úr lofti Sasago-neðan-jarðarganganna í Japan, um 80 kílómetra austur af Tókíó. Göngin eru 4,7 kílómetra löng og voru gerð árið 1977. Fjölmörg umferðargöng eru í Japan og hafa stjórnvöld ákveðið að láta nú kanna öryggi 49 slíkra ganga í landinu. Talið er að um 270 steypustykki, hvert um 1,4 tonn að þyngd, hafi fallið úr lofti ganganna á um það bil 110 metra löngum kafli.

Gæti stefnt í óefni vegna uppsagnanna

Vísbendingar eru um að einn af hverjum tíu hjúkrunarfræðingum sem starfa á Landspítalanum hafi sagt upp störfum. Staðfestar tölur boðaðar í dag eða á morgun. Hjúkrunarfræðingum sviður að laun annarra en heilbrigðisstarfsmanna hækki.

VINNUMARKAÐUR Hópur sem kallar sig „aðgerðahóp hjúkrunarfræðinga“ segir í skeyti til fjölmiðla að 130 hjúkrunarfræðingar hið minnsta hafi nú sagt starfi sínu lausu á sjö deildum Landspítalans. Verði sú tala staðfest hefur meira en einn af hverjum tíu sagt upp, en á spítalanum starfa um 1.200 hjúkrunarfræðingar.

Björn Zoëga, forstjóri spítalans, segir að meta þurfi stöðuna vegna óánægju hjúkrunarfræðinga. „Það gæti alveg stefnt í óefni, en ekkert hægt að gefa sér um það fyrir fram.“ Verið er að taka saman tölur um uppsagnir hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum. Björn segist gera ráð fyrir að þær verði birtar í dag eða á morgun.

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags Íslenskra Hjúkrunarfræðinga, segist ekki vita hversu margir hjúkrunarfræðingar hafi sagt starfi sínu lausu. Að baki uppsögnum geti legið margvíslegar ástæður. Þannig hafi álag í starfi aukist mikið á sama tíma og gerðar hafi verið ýmsar skipulagsbreytingar í sparnaðarskyni á spítalanum. „Og fólk orðið langþreytt á þessu. Síðan þegar við birtum tölur um launahækkunar hjá öðrum opinberum starfsmönnum meðan starfsfólk heilbrigðisgeirans stendur í stað, þá kann það að hafa haft einhver áhrif.“ Sjálf segist hún hafa heyrt á skotspónum tölur um uppsagnir allt að 190 hjúkrunarfræðinga. „Svona miklar uppsagnir eru náttúrulega mjög alvarlegt mál.“ Aðgerðahópur hjúkrunarfræðinga hafði í gær boðað mótmæli



FUNDUR Á LSH Frá starfsmannafundi á Landspítalanum í fyrra þar sem ræddar voru niðurskurðar- og aðhaldsaðgerðir í rekstri spítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



BJÖRN ZOËGA **ELSA B. FRÍÐFINNSDÓTTIR**

á viðræðufundi sem halda átti síðdegis. Á laugardag segir Elsa hins vegar að hafi komið í ljós að ekki gæti komið til fundarins.


Fundinn áttu að sitja forstjóri Landspítalans, heilbrigðisráðherra og fulltrúar hjúkrunarfræðinga. Annir ráðherrans hafi komið í veg fyrir að af honum gæti orðið, en hjúkrunarfræðingar telji mikilvægt að fá viðtal við bæði forstjóra og ráðherra í einu.

Björn Zoëga segir um tvær vikur síðan fulltrúar hjúkrunarfræðinga í samstarfsnefnd hjúkrunarfræðinga og spítalans báðu hann að sitja fundinn. „En ráðherra hefur bara ekki haft tíma,“ segir Björn. „Og ég veit ekki til þess að kominn sé nýr tími.“

olikk@frettabladid.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegis



Alicante 17°	Billund 2°	Gautaborg 2°	London 6°	Orlando 24°	San Francisco 17°
Basel 6°	Frankfurt 4°	Kaupmannahöfn 2°	Mallorca 17°	Oslo -9°	Stokkhólmur -2°
Berlín 3°	Friedrichshafen 5°	Las Palmas 20°	New York 16°	París 7°	

NORSKU BRJÓSTDROPARNIR KOMNIR AFTUR

KRÖFTUG HÓSTAMIXTÚRA SEM RÓAR HÓSTA, DREGUR ÚR SÁRSAUKA Í HÁLSI OG LOSAR UM Í ENNIS- OG KINNHOLOM.

FÆST Í NÆSTA APÓTEKI

Því oftast sem þú veifar ÓB-lyklinum á Olís stöðvum í desember, því oftast fer þitt nafn í pottinn. Alla daga í desember verða ótrúlega góð jólatilboð á Olís fyrir handhafa ÓB-lykla. Allir sem kaupa tilboð dagsins á Olís fara í pott. Daglega drögum við út Gull-lykil ÓB sem gefur 20 kr. afslátt í 10 skipti. Jólatilboð dagsins finnur þú á Facebooksíðu ÓB.



Sæktu um lykil núna á ob.is eða á næstu Olís-stöð!

Jóladagatal ÓB

Á aðfangadag drögum við út **200.000 kr.** eldsneytisneign hjá ÓB.

Í DAG 4. DESEMBER

7 kr.

AF LÍTRANUM HJÁ
ÓB OG OLÍS MEÐ
ÓB-LYKLINUM

*ÖLL TILBOÐ VIRKA MEÐ ÓB LYKLINUM



Afslátturinn gildir einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís.



VEISTU SVARID?



1. Um hversu mörg prósent dróst sala á sterku víni í ÁTVR saman milli ára 2008 og 2011?
2. Hvaða íþrótt er sundkappinn Jakob Jóhann Sveinsson farinn að æfa samhliða sundinu?
3. Hver er yfirhönuður fatamerkisins Huginn Muninn?

SVÖR:
1. Tæp fjórtíu prósent. 2. Fimleika.
3. Guðrún Guðjónsdóttir.

Dómari fær ekki að úrskurða í fleiri ættleiðingarmálum eftir mál Íslendinga:

Bíða bara vegabréfsáritunar

SAMFÉLAGSMÁL Útlit er fyrir að að íslensk fjölskylda, sem hefur verið föst í Kólumbíu í tæpt ár, sé á leið heim á allra næstu dögum. Þau bíða aðeins eftir vegabréfsáritun, sem er á leið frá Íslandi í sænska sendiráðið í Bogotá.

Hjónin Bjarnhildur Níelsdóttir og Friðrik Kristinnson fóru til Kólumbíu til að ættleiða dæturnar Helgu Karólínu og Birnu Salóme í desember í fyrra. Nú hafa þau loks fengið alla pappíra og vegabréf fyrir stúlkurnar og bíða sem fyrr segir aðeins eftir vegabréfsáritun fyrir þær.

Fjölskyldan lenti í miklum hremmingum eftir að dómari ógilti fyrri ákvörðun um að þau fengu að ættleiða stúlkurnar. Mál þeirra var í engu frábrugðið hefðbundnum vinnubrögðum í ættleiðingarmálum og hefur Íslensk ættleiðing til að mynda sagt að þau hafi gert allt rétt en eingöngu verið mjög óheppin. Mál þeirra hefur velkst um í kerfinu í tæpt ár, en í síðustu viku fékk fjölskyldan þær fréttir að allt væri til reiðu.

Nú hefur verið ákveðið að umræddur dómari fái ekki að dæma í ættleiðingarmálum framar.

VEGABRÉFIN KOMIN Fjölskyldan hefur fengið íslensk vegabréf fyrir systurnar Helgu og Birnu og bíður nú aðeins vegabréfsáritunar.



Unnið eftir vísbendingum: Enn leitað að sjoppuræningja

LÖGREGLUMÁL Maður sem ógnaði afgreiðslumanni söluturns við Grundarstíg í Reykjavík með byssu á föstudagskvöld var í gærkvöldi enn ófundinn.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson, aðstoðaryfirlögreluþjónn í Reykjavík, segir unnið eftir vísbendingum sem lögreglu hafi borist. „En það er ekkert að fréttu af þessu enn,“ segir hann. Maðurinn fékk afgreiðslumanninn til að opna sjóðsvél og komst undan með um 30 þúsund krónur.

Kostuðu 160 milljónir:

Sjö nýjar vélar fyrir snjóinn

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg hefur keypt sjö nýjar dráttarvélar með snjóhreinsunarbúnaði til að búa sig undir veturinn. Vélarnar hafa nú þegar verið teknar í gagnið.

Dráttarvélar verða notaðar til hreinsunar á stígum og gönguleiðum í borginni austan Elliðaáa og vestan Snorrabrautar, en verktakar sjá um vetrarþjónustu á svæðinu þar á milli. Síðasti vetur var afar snjóþungur í borginni og eru kaup á vélunum hluti af því að bæta vetrarþjónustu, kemur fram í tilkynningu.

Vélarnar sjö ásamt fylgibúnaði kostuðu um 160 milljón krónur og voru kaupin boðin út. Vélfang varð hlutskarpast í útboðinu með vélar sínar af gerðinni Fendt. - sv

Varðberg efnir til fundar:

Voðaverk gegn þjóðaröryggi

ÖRYGGISMÁL Voðaverkin sem voru framin í Ósló og Útey 22. júlí 2011 eru efni hádegisfundar sem Varðberg, samtök um vestræna samvinnu og alþjóðamál, efnir til í dag.

Voðaverkin hafa orðið tilefni rannsókna á vernd þjóðaröryggis og viðbrögðum lögregluþingvalda. Varðberg hefur fengið norskan lögregluþingja, Sture Martin Vang, og Jón F. Bjartmarz, yfirlögreluþjónn hjá Ríkislögrelustjóra, til að ræða þessi mál á fundinum. Vang mun ræða um hvaða lærdóm menn hafa dregið af voðaverkunum og Jón fjallar um stöðuna hérlandis.

Fundurinn hefst klukkan 12 og fer fram í stofu 101 í Odda, húsi Háskóla Íslands.



ANDERS FOGH RASMUSSEN NATO hefur tekið vel í beiðni Tyrkja um Patriot-eldflaugar.

MYND/NATO

Loftvarnaeldflaugar sendar til Tyrklands

Atlantshafsbandalagið bregst við beiðni Tyrkja um að fá Patriot-loftvarnaflaugar til að verjast hugsanlegum árásum frá Sýrlandi. Farið yfir „rautt strik“ ef Assad Sýrlandsforseti beitir efnavopnum, segir Hillary Clinton. Rússar hafa efasemdir.

BRUSSEL, FRÉTTABLAÐIÐ Búizt er við að fundur utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins (NATO) sem hefst í Brussel í dag samþykki að senda Tyrkjum Patriot-loftvarnaeldflaugar til að verjast hugsanlegum árásum frá Sýrlandi. „Þetta er eingöngu varnarviðbúnaður og getur á engan hátt stutt við flugbannssvæði yfir Sýrlandi eða neins konar árás,“ sagði Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, á fundi með blaðamönnum í höfuðstöðvum bandalagsins í gær. Hann undirstrikaði að NATO hefði engin áform um hernaðaríhlutun í Sýrlandi.

Tyrknesk stjórnvöld fóru fram á aðstoðina fyrir hálfum mánuði. Ástæðan er meðal annars vaxandi áhyggjur af að stjórn Assads Sýrlandsforseta grípi í örvæntingu til efnavopna gegn uppreisnarmönnum í landinu. Sýrlendingar eiga langdrægar eldflaugar sem geta borið efnavopn og Tyrkir óttast að þær gætu lent Tyrklandsmeigin landamæra, yrði þeim beitt.

Rasmussen sagði að Patriot-flaugarnar, sem eru hannaðar til að skjóta niður langdrægar eldflaugar, myndu styrkja loftvarnir Tyrklands og væru tákni um staðfestu og samstöðu NATO-ríkjana. „Þetta snýst um að hjálpa aðildarríki að verja sig, þegar það stendur frammi fyrir skýrri ógn við landamærin,“ sagði framkvæmdastjórnin.

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, varaði í gær stjórn Assads eindregið við því að nota efnavopnin. Hún sagði að með beitingu þeirra yrði farið yfir „rautt strik“ og Bandaríkin yrðu þá að bregðast við.


Gera má ráð fyrir að Sergej Lavrov, utanríkisráðherra Rúss-

Efnavopn í Sýrlandi

- Talið er að stjórn Assads í Sýrlandi búi yfir fjórða stærsta efnavopnabúri heims.
- Meðal eiturefnanna eru sinnepsgas, saríngas og blásýrugas.
- Efnavopn eru talin hafa verið framleidd á fjórum stöðum; nærri Aleppo, Hama, Homs og Latakia. Geymslustaðirnir skipta tugum.
- Sýrland á gamlar sovétkar SS-21 og Scud-flaugar, sem keyptar voru frá Norður-Kóreu og geta borið efnavopn. Þær geta dregið allt að 700 kílómetra.



SKOTPALLUR PATRIOT-FLAUGA Tyrkir óskuðu eftir búnaði af þessu tagi til að verjast hugsanlegum árásum frá Sýrlandi.



KÍNVERSK TÁKN Kennarar í kínversku eru enn ekki nógu margir.

Fleiri eiga að læra kínversku

SVÍPÍÓÐ Sænskir nemendur eiga að fá að læra kínversku í bæði grunn- og framhaldsskólum. Allir grunnskólar eiga að bjóða tvö af eftirfarandi fjórum tungumálum: spænsku, frönsku, þýsku og kínversku. Framhaldsskólarnir eiga að bjóða öll fjögur.

Jan Björklund, menntamálaráðherra Svíþjóðar, gerir ráð fyrir því að kínverskukennarar verði ekki orðnir nógu margir fyrr en eftir tíu til fimmtán ár.

Fáir læra nú kínversku í sænskum skólum. Fyrir tveimur árum var kínverska námsgrein hjá 62 nemendum sem luku grunnskólaprófi. Af þeim tungumálum sem nemendur hafa getað valið um hefur spænskan verið vinsælust, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá. Enska er skyldnámsgrein á öllum skólastigum.

- ibs

LAGERSALA

Lagersala Ármúla 22 2. hæð

Fullt af frábærum jólagjöfum á frábæru verði

Opíð alla daga frá 10-17 nema miðvikudaga 10-19

lands, geri athugasemd við Patriot-flaugarnar þegar hann kemur til fundar við NATO-ráðherrana í dag. Rússar hafa sagt þær munu auka spennu á svæðinu. Rasmussen leggur áherslu á hið gagnstæða; að fælingarmáttur flauganna muni draga úr spennu við landamæri Sýrlands og Tyrklands vegna þess að engum detti þá í hug að skjóta eldflaugum á Tyrkland.

Framkvæmdastjóri NATO segir að Rússar hafi fengið að fylgjast

með hverju skrefi málsins. „Innan við tveimur sólarhringum eftir að formleg beiðni um Patriot-flaugarnar barst, hringdi ég í Lavrov og útskýrði fyrir honum hvað þetta er og hvað það er ekki,“ sagði Rasmussen.

Bandaríkin, Þýskaland og Holland eru aflögufær um Patriot-flaugar og munu væntanlega senda nokkur hundruð hermenn með þeim til Tyrklands. Uppsetning flauganna tekur einhverjar vikur.

olafur@frettabladid.is



VW Passat 2,0TDi Comfortl.
 Árgerð 2012, dísel
 Ekinn 28.000 km, skálfskiptur

Ásett verð:
5.290.000,-

GLÆSILEGT ÚRVAL AF NÝLEGGUM GÆÐABÍLUM

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



Skoda Superb
 Árgerð 2011, dísel
 Ekinn 95.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
3.790.000,-



VW Polo 1,2 TDI
 Árgerð 2012, dísel
 Ekinn 22.000 km, beinskíptur
Ásett verð:
2.390.000,-



Audi Q7 3,0 TDI
 Árgerð 2007, dísel
 Ekinn 144.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
4.990.000,-



Audi A4 2,0TDi 6 gíra
 Árgerð 2011, dísel
 Ekinn 38.000 km, beinskíptur
Ásett verð:
4.690.000,-



MM Outlander
 Comfort 2,0. Árgerð 2006, bensín
 Ekinn 120.000 km, beinskíptur
Ásett verð:
1.390.000,-



MM Pajero 3,5 Dakar
 Árgerð 2005, bensín
 Ekinn 119.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
2.790.000,-



Honda Jazz 1,4 Elegance
 Árgerð 2011, bensín
 Ekinn 31.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
2.750.000,-



Ford Explorer XLT
 Árgerð 2007, bensín
 Ekinn 49.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
2.990.000,-



Nissan Qashqai
 Árgerð 2012, bensín
 Ekinn 9.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
5.690.000,-



Ford Escape
 Árgerð 2008, bensín
 Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
2.790.000,-



Chevrolet Captiva
 Árgerð 2006, dísel
 Ekinn 95.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
2.990.000,-



Nissan X-Trail
 Árgerð 2007, dísel
 Ekinn 77.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
3.190.000,-

Drekinn fær norskan gæðastimpil

Norska ríkisolíufyrirtækið Petoro mun taka þátt í olíuleit á Drekasvæðinu. Staðfestir að líkurnar á að olía finnist séu svo miklar að ástæða sé til að hefja leit, segir orkumálastjóri. Tvö fyrirtæki sem munu fá rannsóknarleyfi höfnuðu því að veita Orkustofnun fjárhagsupplýsingar.

Ákvörðun norska ríkisolíufyrirtækisins Petoro um að taka þátt í olíuleit á íslenska Drekasvæðinu staðfestir að það séu svo miklar líkur á því að olía finnist á hafsbotninum að ástæða sé til að leggja fé í að leita, segir Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri.

„Þetta staðfestir það sem við höfum haldið að þarna séu þá miklar líkur á að olía sé undir að það sé ástæða til að hefja þarna olíuleit. En það verður að taka fram að slík leit er alltaf byggð á líkum en ekki vissu,“ segir Guðni.

Í gær var tilkynnt að Orkustofnun hefði ákveðið að veita tveimur hópum fyrirtækja sérleyfi til að stunda rannsóknir og vinnslu olíu og gass á Drekasvæðinu. Annars vegar er um að ræða Faroe Petroleum Norge AS og Íslenskt kolvetni ehf., en hins vegar Valiant Petroleum ehf. og Kolvetni ehf.

Eitt fyrirtæki til viðbótar sótti um, en því hefur nú verið gefinn frestur til að afla samstarfsaðila með næga sérþekkingu, reynslu og bolmagn til að stunda slíkar rannsóknir.

Samhliða þessu var tilkynnt um þá ákvörðun norskra stjórnvalda að norska ríkisolíufyrirtækið Petoro

verði þátttakandi í báðum rannsóknunum, að fjórðungs hlut í hvoru rannsóknarleyfi. Það er í samræmi við samning Íslands og Noregs frá árinu 1981.

„Þessi ákvörðun sem Norðmenn hafa kynnt er að mínu mati stærsti einstaki atburðurinn frá því ég fór að vinna með þetta mál fyrir fimm árum. Þetta treystir alla umgjörð og áframhald þessa verkefnis,“ segir Guðni.

Talið er að þátttaka Norðmanna geti aukið tiltrú olíufélaga á verkefninu og dregið athygli þeirra að Íslandi sem fýsilegum kosti til rannsókna og mögulegrar vinnslu í framtíðinni, samkvæmt upplýsingum frá atvinnuvegaráðuneytinu.

„Þetta sýnir okkur að Norðmenn hafa áhuga á þessu svæði, og það hljótum við að taka mjög alvarlega. Þeir eru með gríðarlega þekkingu og reynslu af olíuleit á svæðum hliðstæðum Drekasvæðinu, sem er af sama toga og norska landgrunnið,“ segir Guðni.

Leyfin verða ekki gefin formlega út fyrir en eftir áramót, þar sem norska stórþingið á eftir að samþykkja formlega þátttöku Petoro í verkefnunum, segir Guðni.

Í framhaldinu munu fyrirtækin

afla sér frekari gagna sem fyrir liggja um jarðfræði svæðisins og greina þau eins og hægt er áður en hafist verður handa við frekari rannsóknir. Rannsóknirnar verða svokallaðar endurvarpsrannsóknir þar sem botninn verður kortlagður betur en gert hefur verið hingað til.

Í minnisblaði Orkustofnunar kemur fram að endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers hafi gert úttekt á fjárhagslegri stöðu fyrirtækja sem sóttu um leyfi til rannsókna á Drekasvæðinu. Við vinnslu úttektarinnar óskaði endurskoðunarfyrirtækið eftir frekari gögnum frá tveimur fyrirtækjum, þar með talið um kostnaðaráætlun verkefnisins. Umsækjendurnir urðu ekki við beiðni um afhendingu frekari gagna.

Orkumálastjóri telur þetta ekki vinna gegn fyrirtækjunum. Í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að um hafi verið að ræða viðbótarupplýsingar sem fyrirtækin hafi talið svo viðkvæmar að þau hafi ekki viljað afhenda þær.

„Orkustofnun mat það svo að ekki væri um upplýsingar að ræða sem væru nauðsynlegar vegna vinnu við mat á fjárhagslegum styrk fyrirtækjanna,“ segir í svari stofnun-



FJARLÆG FRAMTÍÐ Þó rannsaka eigi hafsbotninn á Drekasvæðinu er langt í að tilraunaboranir eftir olíu hefjist, hvað þá í að reistir verði olíuborparallar.

NORDICPHOTOS/GETTY

arinnar. Þar er bent á að sá tímarámmi sem fyrirtækin hafi til rannsókna nái yfir mörg ár og á þeim tíma geti fjárhagsstaða fyrirtækja breyst. Því hafi Orkustofnun

gert það að skilyrði sínu fyrir leyfisveitingunni að stofnuninni verði haldið upplýstri um breytingar á fjárhagsstöðu fyrirtækjanna.

brjann@frettabladid.is

6 til 9

ár gætu liðið þar til nægilegar upplýsingar liggja fyrir til að farið verði í tilraunaboranir eftir olíu á hafsbotninum undir Drekasvæðinu.

1.500 til 2.000

metra dýpi er á þeim hluta Jan Mayen-hryggjarins sem tilheyrir íslenska Drekasvæðinu.

Um 350

kílómetrar eru frá Langanesi að miðju Drekasvæðisins.

Sértækri skuldaaðlögun lýkur um áramót



Samkomulag um sértæka skuldaaðlögun rennur út um áramótin.

- Sértæk skuldaaðlögun er ætluð þeim sem skulda meira en **100%** af markaðsvirði veðsettra fasteigna og bifreiða. Skuldaaðlögunin nær til allra skulda einstaklinga hjá Íbúðalánasjóði, bönkum, sparisjóðum og lifeyrissjóðum.
- Sértæk skuldaaðlögun kemur aðeins til greina ef sýnt þykir að önnur vægari úrræði nægja ekki til að rétta af fjárhagsstöðuna og fyrirséð er að viðkomandi geti ekki staðið í skilum af lánum sínum til langframa.


Hægt er að sækja um sértæka skuldaaðlögun á islandsbanki.is eða í útibúum og á vef viðskiptabanka umsækjanda.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

Drekasvæðið



- Drekasvæðið er það stærra af tveimur svæðum á landgrunni Íslands þar sem talið er mögulegt að finna megi olíu eða jarðgas í vinnanlegu magni.
- Svæðið er austur og norðaustur af landinu og nær meðal annars yfir suðurenda Jan Mayen-hryggjarins.
- Svæðið þykir líkt landgrunni Vestur-Noregs, Færeyja og Hjaltlands, þar sem olía hefur fundist í vinnanlegu magni.
- Hitt svæðið á landgrunni Íslands þar sem mögulegt er að olía eða gas finnist í vinnanlegu magni kallast Gammur, og er mun nær landi beint úti fyrir miðju Norðurlandi. Berg á því svæði er yngra, en ummerki hafa fundist um gasuppsprettur frá hafsbotninum.

Stóri borinn ekki strax á kaf

Prátt fyrir að ákveðið hafi verið að gefa út leyfi til rannsókna á Drekasvæðinu þýðir það ekki að borað verði eftir olíu á næstu árum. Áætla má að sex til níu ár geti liðið þar til fyrsta tilraunaholan til að leita að olíu verður boruð, segir Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri.

Þær rannsóknir sem fyrirtækin sem nú fá leyfi til að stunda á Drekasvæðinu eru endurvarpsmælingar á hafsbotninum. Með því að mæla botninn frá mismunandi sjónarhornum er ætlunin að byggja upp þrívíddarmynd af botninum.

Endurvarpsmælingarnar eiga að leiða í ljós á hvaða stöðum sé líklegast að finna megi olíu eða gas, en að lokum þarf tilraunaboranir til að staðfesta það endanlega. Slíkar boranir eru gríðarlega kostnaðarsamar, og því allra leiða leitað til að hámarka líkur á því að þær skili árangri, segir Guðni.

Norðmenn munu þó stínga niður borum fyrir þann tíma, en markmiðið með þeim borunum er ekki að finna olíu, heldur að rannsaka bergið á hafsbotni. Hægt er að nota nákvæmari upplýsingar um samsetningu bergsins til að fá nákvæmari niðurstöður úr endurvarpsmælingunum.

BAD INNRÉTTINGAR

Allt að **35%** afsláttur!



KY-001 Sett 130x48 sm
verð áður kr 105.210

stgr. **69.900**



S-0916 Sett 100x46 sm
verð áður kr 90.170

stgr. **54.900**



S-9010 Sett 60x46 sm
verð áður kr 75.100

stgr. **45.900**



M-7197 Sett 54x31 sm
verð áður kr 45.090

stgr. **26.900**



BN-600 án spegils 60x39 sm
verð áður kr 60.060

stgr. **36.900**



Spegglaskápar m/ljósi

35% afsláttur!

nr	stærð	litur	35% afls.	verð áður
M600 H	60x70x15 sm	Háglans hvítt	19.900	30.845
M600 E	60x70x15 sm	Eik	20.900	32.395
M800 H	80x70x15 sm	Háglans hvítt	23.900	37.045
M800 E	80x70x15 sm	Eik	24.900	38.045
M900 H	90x70x15 sm	Háglans hvítt	28.900	44.795
M900 E	90x70x15 sm	Eik	29.900	46.345
M1000 H	100x70x15 sm	Háglans hvítt	36.900	60.885
M1200 H	120x70x15 sm	Háglans hvítt	42.300	69.795

verslið þar sem únvalið er!

Skoðaðu nýtt
baðinnréttingakerfi
á heimasíðu okkar:

www.i-t.is



- fyrir þitt heimili

RÉTTARHÖLD Í VAFNINGSMÁLI SÉRSTAKS SAKSÓKNARA

„Þetta er skítaflétta“

Hver tók ákvörðun um að breyta undirrituðu skjali á síðustu stundu og veita Milestone tíu milljarða lán í stað Vafnings? Það virðist vera mesta ráðgátan í sakamáli gegn Lárusi Welding og Guðmundi Hjaltasyni.

Fyrirsögnin hér að ofan er sótt í símtal tveggja þáverandi starfsmanna Glitnis, Alexanders K. Guðmundssonar og Friðfinns Ragnars Sigurðssonar, í hádeginu 8. febrúar 2008.

Þeir voru að ræða fyrirhugað tíu milljarða lán bankans til félags á vegum Milestone, Vafnings að nafni, sem nú hefur getið af sér sakamál á hendur Lárusi Welding, þáverandi forstjóra bankans, og Guðmundi Hjaltasyni, þáverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs bankans.

„Þetta er skítaflétta,“ segir Friðfinnur við Alexander eftir nokkrar vangaveltur í símtalinu sem leikið var í dómsal í gær. Alexander jánkur og endurtekur setninguna.

Hvorugur þeirra gat hins vegar eða vildi útskýra almennilega hvað þeir áttu við með þessum orðum sínum.

Nauðsynlegt að bjarga Milestone

Aðalmeðferð í Vafningsmálinu svokallaða hófst í gær og stóð frá morgni til kvölds. Tekin var skýrsla af sakborningunum tveimur og tíu vitnum, sem öll eiga það sameiginlegt að hafa starfað í

Glitni á þessum tíma og komið með einum eða öðrum hætti að lánveitingunni þetta föstudagssíðdegi.

Allir sem þekktu á annað borð til voru sammála um að tilgangur lánsins hefði verið að bjarga eignarhaldsfélaginu Þætti International undan gjaldfellingu láns hjá bankanum Morgan Stanley. Milestone var í ábyrgð fyrir lánið og mögulegt gjaldprot þess í kjölfarið hefði haft slæm áhrif á Glitni, enda var Milestone stór hluthafi í bankanum – og ekki síður stór skuldunautur.

Lánið fluttist á milli félaga

Tíu milljarða lánið fór hins vegar ekki til Vafnings þennan föstudag, heldur til Milestone. Og það er það sem Lárus og Guðmundur eru ákærðir fyrir: að hafa lánað Milestone pening gegn ótryggum veðum, þegar lánið hefði farið með áhættuskuldbindingu Glitnis gagnvart Milestone-samsteypunni yfir lögbundið hámark.

Verjendur þeirra héldu því raunar fram fyrir dómi í gær að þeir hefðu reiknað sig að þeirri niðurstöðu að tíu milljarða lán hefði ekki verið of hátt lán til Milestone á þessum tíma, en aðal-



NEITA SÖK Guðmundur (lengst til vinstri) og Lárus (lengst til hægri), sögðust báðir í störfum sínum fyrir Glitni ætíð hafa unnið með hagsmuni bankans að leiðarljósi. Þeir væru alsaklausir af umboðssvikum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er enginn að reyna að fela neitt og það er fáránlegt að láta það líta þannig út.“

Lárus Welding

vörnin er þó sú að þeir hafi ekkert haft með það að gera að lánið hafi runnið þangað.

Ráðgátan um handskriftina

Mesta ráðgátan í málinu öllu er nefnilega sú hver tók þá ákvörðun, síðdegis föstudaginn 8. janúar 2008, að lána Milestone þessa peninga í stað félagsins Vafnings – sem stóð að forminu til utan Milestone-samsteypunnar.

Enginn sem kom fyrir dóminn í gær vildi gangast við ábyrgð á þessu. Á fundum dagana áður hafði verið teiknaður upp lánsamningur við Vafning en einhvers staðar

í ferlinu á föstudeginum dúkk-uðu hins vegar upp handskrifaðar breytingar á svokallað ádráttarskjali, sem heimilaði útgreiðslu peninganna úr bankanum. Allt í einu var lántakandinn orðinn Milestone.

Halldór Halldórsson, viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði bankans, kannaðist við að hafa gert einhverjar þessara breytinga. Hann sagðist hins vegar ekki – frekar en flestir aðrir – muna málavexti nákvæmlega nú tæpum fimm árum síðar og vissi því ekki nákvæmlega hver hefði tekið ákvörðunina um að breyta lántakandanum. Líklega hefðu það þó verið Lárus og Guðmundur.

Fengu tíðindin í yfirheyrslum

Lárus og Guðmundur sögðust hins vegar, eins og nánast allir aðrir, koma af fjöllum hvað þessa breytingu varðaði. Þeir hefðu ekki einu

sinni vitað að lánið hefði farið til Milestone fyrr en við yfirheyrslur hjá sérstökum saksóknara tveimur árum síðar, enda hefði lánið svo flust til Vafnings strax á mánuðeginum eftir.

„Það er enginn að reyna að fela neitt og það er fáránlegt að láta það líta þannig út,“ sagði Lárus.

Verjendur þeirra gerðu því ítrekað skóna að téður Halldór bæri ábyrgð á breytingunni, og bentu sömuleiðis reglulega á að viðskiptin hefðu verið ómöguleg án samþykkis og vitundar fjármálastjórans Alexanders Guðmundssonar.

Aðalmeðferðinni verður fram haldið í dag.

Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is



Gille piparkökur
einfalda
jólabaksturinn



– alvöru piparkökur

BÓNUS

HAGKAUP

Fást í verslunum Hagkaups og Bónus

TAL JÓL 2012

TAL

GLEÐILEGA HÁTÍÐ OG FARSÆLT KOMANDI TAL

JÓLIN ERU TÍMI ÁSTAR, HLÝJU OG ÁHYGGJULEYSIS. ÞÁ ER GOTT AÐ GETA FERÐAST UM ALNETIÐ Í SPARIFÖTUNUM ÁN ÞESS AÐ Hafa ÁHYGGJUR AF NOTKUNINNI. ÞESS VEGNA ER GOTT AÐ VITA AF ÞVÍ AÐ MEÐ HVERJUM SNJALLSÍMA SEM KEYPTUR ER HJÁ TALI FYLGIR **10 GB NOTKUN Á MÁNUÐI Í HEILT ÁR.***

KÍKTU Í NÆSTU VERSLUN TALS OG NÝTTU ÞÉR HUGHEILT JÓLAVERÐ

SAMSUNG GALAXY SIII

6.990 KR.

VAXTALAUST Í 18 MÁN.*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA,
120 GB Á ÁRI

STAÐGREIÐSLUVERÐ 112.900 KR.

* m.v. kortalán Valitors

SAMSUNG GALAXY ACE 2

2.990 KR.

VAXTALAUST Í 18 MÁN.*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA,
120 GB Á ÁRI

STAÐGREIÐSLUVERÐ 47.900 KR.

* m.v. kortalán Valitors

SAMSUNG GALAXY SII

4.900 KR.

VAXTALAUST Í 18 MÁN.*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA,
120 GB Á ÁRI

STAÐGREIÐSLUVERÐ 69.900 KR.

* m.v. kortalán Valitors

SAMSUNG Y

1.890 KR.

VAXTALAUST Í 12 MÁN.*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA,
120 GB Á ÁRI

STAÐGREIÐSLUVERÐ 19.900 KR.

* m.v. kortalán Valitors



10 GB

SVONA Á SAMBAND AÐ VERA

VERSLANIR | KRINGLAN | SMÁRALIND | GLERÁRTORG | WWW.TAL.IS

*Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkortu + 320 kr./mán. greiðslugjald.
10 GB á mánuði í heilt ár fylgir með GSM sínum í áskrift eða frelsi hjá Tali.

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur.



AUSTUR-JERÚSALEM 2010 Ísraelskar landtökubýggðir í Palestínu stangast á við alþjóðalög. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hvetur Ísraela til að afturkalla ákvörðun:

Össur fordæmir nýja landtökubýggð

UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fordæmir þá ákvörðun ísraelskra stjórnvalda að heimila nýja landtökubýggð í útjaðri austurhluta Jerúsalem. Tilkynnt var um það á föstudag að reisa ætti þrjú þúsund ný hús á svæði milli Austur-Jerúsalem og landtökubýggðarinnar Maale Adumim á Vesturbakkanum, tæplega sólarhring eftir að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti með afgerandi stuðningi að veita Palestínu stöðu áheyrnar-ríkis.

Utánríkisráðherra hvetur ísraelsk stjórnvöld eindregið til að afturkalla ákvörðun sína en hefja þess í stað viðræður við

Palestínumenn um varanlegan frið. „Með þessari framgöngu eru ísraelsk stjórnvöld að refsast Palestínumönnum fyrir að vilja stíga skref í átt að tveggja ríkja lausninni sem Ísraelar hafa þó sjálfir ítrekað lýst sig fylgjandi,“ segir Össur. „Afleiðing þessa gjörnings Ísraelsmanna getur ekki annað en skaðað líkurnar á því að tveggja ríkja lausnin, með Jerúsalem sem höfuðborg beggja ríkja, geti orðið að veruleika.“ Ísraelskar landtökubýggðir í Palestínu eru ólöglegar samkvæmt alþjóðalögum. Hálf milljón Ísraela býr þó á hernumdu svæðunum.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Þrýsta á Ísraelsstjórn

Sendiherrar Ísraels kallaðir fyrir í mörgum Evrópuríkjum vegna byggingaráforma á herteknu svæðunum. Gagnrýndir fyrir að refsast Palestínu vegna áheyrnaraðildar.

PALESTÍNA Stjórnvöld í að minnsta kosti fimm Evrópuríkjum kölluðu sendiherra Ísraels á sinn fund í gær vegna áforma um að reisa þrjú þúsund nýjar íbúðir fyrir landtökufólk í Austur-Jerúsalem og á Vesturbakkanum.

Evrópuríki líta almennt svo á að framkvæmdir ísraelskra landtökumanna á herteknu svæðunum séu ólöglegar, en viðbrögðin hafa sjaldan verið jafnhörð.

Ísraelsstjórn kynnti áformin á föstudag, daginn eftir að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti að veita Palestínuríki áheyrnaraðild, og þar með viðurkenna að Palestína sé ríki.

Ísraelar fóru ekki dult með að ákvörðun um frekari byggingaframkvæmdir á herteknu svæðunum hefði verið tekin til að refsast Palestínumönnum fyrir að óska eftir áheyrnaraðild að allsherjarþinginu.


Ísraelsku sendiherrarnir fengu að heyra það að þessar framkvæmdir stæðu í vegi fyrir friðsamlegri lausn á langvarandi deilum Ísraela og Palestínumanna. Ekkert Evrópuríkjanna hótaði því samt að slíta stjórnmalasambandi við Ísrael. Það voru Bretar, Frakkar, Svíar, Danir og Spánverjar sem kölluðu ísraelsku sendiherrana á fund sinn. Bretar, sem sátu hjá við atkvæðagreiðsluna á allsherjarþingi SP í síðustu viku, hvöttu Ísraela til að hætta við þessi áform.

Á föstudaginn kynntu Ísraelar einnig áform um að halda eftir skatttekjum, sem eiga samkvæmt lögum að renna til Palestínu.

gudsteinn@frettabladid.is

Ný byggingaráform á herteknu svæði

Ákvörðun Ísraelsstjórnar um að reist verði 3.000 ný íbúðarhús á Vesturbakkanum og í Austur-Jerúsalem hefur sætt gagnrýni.



MYNDARLEGUR

www.landrover.is

LAGERSALA

Lagersala Ármúla 22 2. Hæð

Fullt af frábærum jólagjöfum á frábæru verði

Opið alla daga frá 10-17 nema miðvikudaga 10-19

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4 VERÐ FRÁ 10.950.000 KR.

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l / 100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftþrúðafjörðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Ef þig langar að prófa Discovery skaltu ekki hika við að hafa samband við okkur í síma 525 8000 eða koma við og skreppa í reynsluakstur.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á www.landrover.is

*Miðað við uppgæfnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ATHUGIÐ!

Tryggðu þér nýjan DISCOVERY 4 fyrir breytingar á vörugjöldum þann 1. jan. nk

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

OPIÐ

allan sólarhringinn

í Smáralind
til jóla



Smáralind

HAGKAUP

Ein ferð betra verð



BREIÐSTRÆTI Í PARÍS Breiðstrætið Champs Elysees er komið í jólabúning, með Parísarhjóli á Concorde-torginu.

Ljósadýrð jólanna víða um heim

Jólin nálgast óðfluga, það fer ekki á milli mála þegar horft er á allar þær íburðarmiklu ljósaskreytingar sem settar hafa verið upp víða um heim. Ljósadýrðin lýsir upp skammdegið og yljar andanum í vetrarkuldum, jafnvel á suðlægari breiddargráðum sem hér á landi.



LISTRÆN JÓLALJÓS Í SALERNO Á Ítalíu hafa listamenn sett upp tilkomumiklar ljósaskreytingar í borginni Salerno í tilefni jólahátíðarinnar sem óðum nálgast.



ALEXANDERPLATZ Í BERLÍN Á torginu Alexanderplatz í Berlín gnæfir nú við himin þetta ljósum prýdda Parísarhjól.



BLÁU JÓLIN Í TÓKÍÓ Í höfuðborg Japans hefur verið sett upp mikil ljósaskreyting í Shiodome-hverfinu. Ljósirn skipta reyndar litum en þegar þessi mynd var tekin var allt orðið blátt.

Sögufélag óskar Steinunni til hamingju með tilnefninguna!

„Sagan af klaustrinu á Skriðu er ekki aðeins fræðandi og áhugaverð bók. Hún er ekki síður skemmtileg og spennandi.”


★★★★

Egill Ólafsson/Morgunblaðið

„Heillandi rannsókn.”

★★★★

Páll Baldvin Baldvinsson/Fréttatíminn



Sögufélag, Skeifunni 3b, 108 Reykjavík.
Sími 588 90 60 sogufelag@sogufelag.is
www.sogufelag.is



JÓLATRÉÐ VIÐ ROCKEFELLER CENTER Í New York var á miðvikudagskvöld kveikt á ljósum jólatrésins stóra við Rockefeller Center, sem jafnan er mikill viðburður í aðdraganda jólanna þar í borg.

Gott fyrir heimilið

Á MÚRBÚÐARVERÐI

Kaffivél með Thermo hitakönnu 10-12 bolla, 900w

2.990,-



Spandy heimilisryksugan

- 1600W
- afar hljóðlát
- mikill sogkraftur > 18KPA
- Hepa filter
- margnota poki

5.990,-



Öflugur djús/ávaxtablandari með 1,3 l glerkönnu

3.990,-



Blandari og matvinnsluvél

4.990,-



Drive ryksuga í bílskúrinn

- 1200W
- 20 lítra
- sogkraftur > 16KPA
- fjöldi fylgihluta

6.990,-



Töfrasproti – Blandari

2.690,-



Rafmagnshitablásari 2Kw

1.995,-



Góður í kuldanum



Hentugt til jólagjafa!

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Óseyri 1.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Vestmannaeyjar	Flötum 29.	Opið virka daga kl. 8-18

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Vakningar þörf í sorpflokkunarmálum:

Ruslamál í rusli

Prátt fyrir að hér á landi hafi orðið talsverð vakning varðandi meðferð heimilisúrgangs virðist þess langt að bíða að sorpmál komist hér í þau horf sem una má við.

Þorri fólks skilar öllu sorpi frá heimilinu í eina tunnu þaðan sem það er flutt til urðunar. Við tekur þá niðurbrot sem í sumum tilvikum tekur aldir.

Hér á landi er til dæmis áætlað að um 70 milljónir plastpoka falli til á hverju ári sem samtals vege yfir 1.100 tonn. Meginhluti þessa plasts er urðaður en nokkur hluti þess sleppur út í náttúruna og hefur þá enn meiri áhrif á lífríkið.

Þannig drepst á hverju ári mikill fjöldi dýra í sjó og á landi vegna mengunar frá plasti.

Ekki má gleyma því að sóunin er margföld. Fyrst er hráefni og orku eytt í að framleiða pokann. Hann á svo örstutt skeið þar sem hann kemur að gagni, fyrst til að bera varning úr verslun og heim og svo mögulega til að safna sorpi í eldhústunnum og bera það þaðan út í sorptunnu. Eftir það taka svo við aldir þar sem pokinn er mengunarvaldur og skaðvaldur.

Ísland er víðlent og því er eins og úrgangsvandinn brenni ekki á fólki með sama hætti og þar sem þéttbýlla er. Þó er segin saga að fátt er eins óvinsælt að hafa í nágrenni sínu og urðunarsvæði. Þannig er eins og fólki finnst í lagi að sorp sé urðað í stórum stíl, bara ekki í eigin túnfæti.

Það er löngu orðið tímabært að auka meðvitund almennings um að meðferð sorps skiptir máli, líka í strjálbýlu landi. Vitundarvakningin þarf að vera tvíþætt og felast annars vegar í að draga úr því sorpi sem til fellur og hins vegar í því að auka flokkun og skil til endurvinnslu.

Enn er málum þó þannig farið í flestum sveitarfélögum að neytandinn þarf að velja og borga sérstaklega fyrir endurvinnslutunnu og/eda gera sér ferð í grenndargáma eða sorpmóttökustöð.

Víða í Evrópu er sorpmenningin komin á það stig að við hvert heimili eru nokkrar tunnur, þar á meðal ein fyrir lífrænan úrgang. Slíkt fyrirkomulag gerir vissulega þær kröfur að borgarinn flokki sorp sitt innandyra en eftirleikurinn er þá mun aðgengilegri en hér þekktist.

Róm var ekki reist á einum degi. Eins er ljóst að Íslendingum verður ekki kennt að flokka sorp og skila því til endurvinnslu á augabragði. Hitt er víst að sveitarfélögin í landinu mættu sýna mun meira, markvissara og samhæfðara frumkvæði varðandi endurvinnslu á sorpi, bæði hvað varðar þjónustu og fræðslu.

Vissulega er það á ábyrgð hvers að einhverju leyti hve mikið sorp fellur til á heimilinu og hvernig með það er farið, en meðan neytandinn þarf að hafa jafnmikið fyrir að koma flokkuðu sorpi frá sér og raun ber vitni víðast hvar er ljóst að flokkun sorps verður áfram um sinn sérvíska sem ástunduð er af minnihlutahópi. Meðan svo er má segja að ruslið sé í algeru rusli.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðlum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MARKAÐUR NETHYL 2, ÁRBÆ ÓDÝR LEIKFÖNG OG GJAFAVARA

LÍMMIÐAR 100 KR
GJAFAPAPPÍR 100 KR
JÓLA- OG GJAFAPOKAR ... 100 KR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

SÍMI 869-1522

Erum á Facebook



FRÁ DEGI TIL DAGS

Kerfisfræðingar

Landssamband Íslenskra útvegs- manna (LÍÚ) stendur í harðri hagsmunabaráttu þessa dagana gegn breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Liður í henni er skoð- anakönnun, sem MMR vann, en þar var spurt hvort svarendur teldu stjórnkerfi fiskveiða betra á Íslandi en í öðrum löndum. LÍÚ vekur athygli á þessu á heimasíðu sinni. Reyndar kemur ekki fram hvert svarhlutfallið er, en fjöldi svara er 879. Og viti menn; MMR virðist hafa náð í þann hluta íslensku þjóðarinnar sem er vel verseraður í stjórnkerfum fiskveiða í öðrum



löndum. Tæp 72 prósent aðspurðra telja íslenska kerfið nefnilega miklu betra.

Erum við ekki ábyggilega best?

Ekki þarf að vera vel að sér í eðli skoðanakannana til að átta sig á því að lítið mark er takandi á svona könnun. Vita svarendur almennt hvernig Kanadamenn stýra sínum fiskveiðum? Máritaníubúar? Bandaríkja- menn? Kínverjar? Eða yfir höfuð nokkrir aðrir en Íslendingar? Hreinlegra hefði verið að spyrja beint: „Eru Íslendingar ekki alveg örugglega bestir?“

Gengist við málþófi

Uppákomana á Alþingi fyrir helgi þegar tveir stjórnarliðar gengu um þingsal með spjöld, skreytt áletrun- inni málþófi, undir ræðu Illuga Gunnarssonar, hefur vakið mikla athygli. Illugi var hneykslaður í Silfri Egils um helgina. Athyglisverð eru þó ummæli hans um taktík stjórnarandstöðu í umræðum um fjárlögin, hann sagði hana ætla að tala þangað til stjórnarmeiri- hlutinn breytti frumvarpinu.



Það heitir málþófi og mun heita það óháð því hvort einhver skrifar það á pappaspjöld í þingsal eða ekki.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Eignir eldri hafa rýrnað

FJÁRMÁL



Haraldur Sveinbjörnsson verkfræðingur

Ég er sammála því að það er óeðlilegt að kenna heilu kynslóðunum um hrundi og einnig því að margir af kynslóð okkar Sig- hvats Björgvinssonar bera mikla ábyrgð á því hvernig fóru.

Þetta er þó engin afsökun fyrir því að koma með villandi staðhæfingar um hvernig mismunandi kynslóðir fóru út úr hruninu fjárhagslega.

Í grein Karls Sigfússonar í Fréttablaðinu kemur fram að hrein eign 31-45 ára Íslend- inga lækkaði úr 137 milljörðum í -8 millj- arða frá 2006 til 2011, en hækkaði frá 512 milljörðum í 684 milljarða hjá 61-75 ára. Við þetta er það að athuga að íslenska krónan er gjörsamlega ónothæf til að bera saman upphæðir á mismunandi tímum. T.d. fékk ég þegar ég kom frá námi 140 kr./mánuði (14.000 gamlar krónur). Laun hafa að vísu hækkað nokkuð að raunvirði síðan, en verð- lag hefur nær 1.700-faldast.

Einnig er ekki tekið tillit til fjölda þeirra sem eiga þessar eignir, en í eldri aldurshóp- um hefur fjölgad um 17% á þessu tímabili.

Ef tekið er tillit til þessa og reiknað í vkr.'11 (þetta er uppástunga mín um hvernig megi rita krónur leiðrétta til verð- lags 2011) fæst eftirfarandi í milljónum á mann í hreinni eign:

61-75 ára	25,5 (2006) / 19,9 (2011)	munur 5,6 millj.
31-45 ára	3,1 (2006) / -0,1 (2011)	munur 3,2 millj.

→ Vissulega er vandi yngri kynslóðarinnar mikill, sérstaklega þeirra sem keyptu sér húsnæði þegar húsnæðisverð og vextir voru hvað hæstir, en ekki má gleyma því að þeir hafa megnið af starfsævinni fram undan ...

Eins og sést af þessu hafa eignir eldri kynslóðarinnar rýrnað um 75% hærri upp- hæð á mann en þeirrar yngri. Eignin hjá þeim eldri hefur rýrnað um 22%, en ekki aukist um 34% eins og haldið er fram í greininni.

Vissulega er vandi yngri kynslóðarinnar mikill, sérstaklega þeirra sem keyptu sér húsnæði þegar húsnæðisverð og vextir voru hvað hæstir, en ekki má gleyma því að þeir hafa megnið af starfsævinni fram undan og hafa því möguleika á að bæta fjárhagsstöðu sína, en hinir eru að ljúka starfsævinni eða hafa þegar lokið henni og þurfa þá að ganga á eigur sínar.

Einnig hafa lífeyrissjóðir farið mjög illa út úr kreppunni og það kemur verr við eldri kynslóðina, þar sem eign hennar í líf- eyrissjóðunum er meiri, og þeir yngri hafa langan tíma fram undan til að bæta sín réttindi.

Jólin og stress

HEILSA

Teitur Guðmundsson lækni



Þessi tími þykir mér einn sá skemmtilegasti á árinu, enda er ég svo heppinn að eiga nær eingöngu góðar minningar um hann. Ég á afmæli í lok nóvember og svo tekur við aðventan, undirbúningur fyrir jólin almennt, skreytingar með jólaljósum, jólalög, jólahlaðborð og samvera með vinum, starfsfélögum og fjölskyldu. Jólin sjálf með öllu sem þeim tilheyrir, góðum mat, spilamennsku og gjöfum að sjálfsögðu sem búið er

að hafa ánægju af að velja, gefa og svo auðvitað þiggja.

Þá á dóttir mín afmæli þann 27. desember svo við erum alltaf með 3ja í jólum í okkar fjölskyldu, stutt er svo í áramótin sem aftur er tími gleði og fagnaðar í hópi vina og fjölskyldu með tilheyrandi sprengingum og litagleði á himni. Þetta er frábær skemmtun og vildi maður stundum óska þess að þessi tími væri lengri og kæmi oftar. Ég þekki marga sem eru miklu meiri jólabörn en ég og gangast upp í því að bæta um betur ár frá ári bæði hvað varðar skreytingar og svo margt annað.

Ég þekki líka þá sem gefa mikið af sér og hugsa um náungann, lifa í raun samkvæmt orðatiltækinu að „sælla er að gefa en þiggja“. Þetta fólk er ekkert sérstaklega að segja frá slíku, en maður heyrir af því

og þakkar í huganum fyrir slíkar hetjur sem þurfa ekki að hreykja sér af því sem vel er gert, þau vita að þetta skiptir máli og nægir að það skuli kæta náungann og gleðja hans hjarta.

Getum öll gefið af okkur

Öll getum við gefið af okkur og skiptir ekki máli hversu mikið, hugurinn er það sem telur, enda er ekki markmiðið að það séu peningar eða verðmæti heldur að það komi að gagni og hafi einhverja þýðingu, bæði fyrir þann sem gefur eins og fyrir þann sem þiggur. Það er ekki markmiðið hér að vera með einhverja predikun, ég held bara að þú sem lest þessa grein vitir nákvæmlega um hvað ég er að tala og því þarfnist það lítillar útskýringar. Það merkilega er þó hversu erfíðlega okkur gengur að fara eftir

þessum einföldu viðmiðum, þá myndast kvíði og vanlíðan.

Hver þekkir ekki orðatiltækið jólastress? Öll höfum við fundið fyrir slíku á einhverjum tímapunkti, líklega má skýra það með þeim miklu væntingum sem fylgja jólnum og því að þau eiga að vera hátíð ljóss og friðar. Jólnum fylgja hefðir sem helst má ekki breyta, dæmi um það er maturinn, hvar þau eru haldin, hver leikur jólasveininn og deilir út pökkunum og svona mætti lengi telja. Það eru þessir litlu hlutir sem skipta okkur alveg ótrúlega miklu máli og verða að smellpassa svo við séum sátt og okkur líði vel, eða hvað?

Það liggur í hlutarins eðli að ekki eiga allir sömu möguleika á að njóta jóla, því miður. Þar kemur margt til og of langt mál að telja upp öll þau atriði sem geta haft

“Hver þekkir ekki orðatiltækið jólastress? Öll höfum við fundið fyrir slíku á einhverjum tímapunkti.

áhrif hér á, hvort sem þau eru fjárhagslegs eða félagslegs eðlis, vegna veikinda eða vinnu. Eitt er þó víst að öll ráðum við tilfinningum okkar og getum ákveðið hvernig okkur líður, hvernig við höfum okkur og hvernig við horfum á hlutina. Það er því gríðarlega mikilvægt að vera þakklátur og njóta þess sem maður hefur hverju sinni, gleðjast yfir jólnum og láta sér líða vel og ýta undir vellíðan annarra, það er hinn sanni jólaandi!

Bréf ykkar veittu mér frelsi

Ég er sönnun þess að bréf ykkar bera árangur. Þess vegna bið ég ykkur um að taka þátt í bréfamaraþoni Amnesty International og veita þeim von sem búa við mannréttindabrot um heim allan.

MANNRÉTTINDI



Birtukan Mideksa baráttukona fyrir mannréttindum

leiðtogi stjórnarandstöðuflokks í Eþíópíu. Ég var handtekin árið 2005 og dæmd í lífstíðarfangelsi eftir að flokkur minn tók þátt í mótmælum í kjölfar kosninga í landinu. Ég framdi engan glæp. Ráðist var gegn mér fyrir það eitt að ég tjáði pólitískar skoðanir mínar með friðsamlegum hætti. Í raun er ég heppin að vera á lífi: Öryggissveitir brugðust við mótmælunum með því að drepa 187 manns og særa 765 til viðbótar.

Í einangrun í mánuði

Þú getur hjálpað til við að frelsa

aðra pólitíska fanga eins og mig. Taktu þátt í bréfamaraþoni Amnesty, stærsta bréfamaraþoni í heimi. Þar geturðu brugðist við vegna 11 áriðandi mála, sem þurfa á athygli okkar að halda. Stjórnvöld í Eþíópíu héldu að þau gætu bælt andóf með því að læsa andstæðinga sína inni um ókomna tíð. Ég hafði verið í einangrun í Kalitifangelsi svo mánuðum skipti þegar þátttakendur í bréfamaraþoni Amnesty komu mér til hjálpar. Þúsundir einstaklinga kröfðust þess að ég hlyti frelsi.

Bréf ykkar vernduðu mig á versta tímabili ævi minnar. Þið voruð rödd mín þegar rödd mín heyrðist ekki. Bréf ykkar héldu

voninni lifandi þegar neyðin var mest. Það er Amnesty International að þakka að ég hlaut frelsi í október 2010.

Ég er svo þakklát fyrir bréf ykkar og aðgerðir í mína þágu. Ég hvet ykkur til að halda áfram lífsbjargarverkum ykkar. **Nánari upplýsingar:** Bréfamaraþonið fer fram dagana 6. til 15. desember víðs vegar um landið. Það hefur aldrei verið einfaldara að taka þátt. Tilbúin kort til stjórnvalda verða á öllum þeim 11 stöðum sem bréfamaraþonið fer fram. Þú þarft aðeins að finna þann stað sem er næstur þér og nýta nafn þitt til að skrifa undir bréf til stjórnvalda sem brjóta

→ Þú getur hjálpað til við að frelsa aðra pólitíska fanga eins og mig. Taktu þátt í bréfamaraþoni Amnesty

mannréttindi. Einnig er í boði að senda stuðningskveðjur til fórnarlamba mannréttindabrota og þannig veita þeim von eins og Birtukan Mideksu. Bréf þín eru öflugri en þú heldur. Allar nánari upplýsingar um hvar bréfamaraþonið fer fram er að finna á heimasíðu Íslandsdeildar Amnesty International, www.amnesty.is.

Bryndís Bjarnadóttir herferða- og aðgerðastjóri Íslandsdeildar Amnesty International



Jákvæðar horfur eða blikur á lofti?

Lars Christensen, forstöðumaður hjá greiningardeild Danske Bank, kynnr nýja greiningu á Íslandi. Að því loknu verður umræða um horfur Íslands og þá kerfislegu áhættuþætti sem helst gætu komið í veg fyrir jákvæða þróun héraðs, ekki síst vandamál sem skapast geta á næstu árum tengd gjaldeyrishöftum og greiðsluþjöfnuði við útlönd.

Hversu stór er vandinn og hvað er helst til ráða?

Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika Seðlabankans og **Hrafn Árnason,** forstöðumaður stýringar eigna hjá Íslandssjóðum taka þátt í umræðunum ásamt Lars.

Fundarstjóri er **Stefán Sigurðsson,** framkvæmdastjóri VÍB - Eignastýringarþjónustu Íslandsbanka.

Fylgstu með fundinum í beinni útsendingu á www.vib.is á morgun, miðvikudag, kl. 08.30 til 10.00.



Fylgstu með fundinum í beinni útsendingu eða horfðu á upptöku af honum síðar á www.vib.is.



Skráðu þig á póstlistann okkar á www.vib.is/postlisti svo þú missir ekki af fundum okkar í framtíðinni.

Markmið funda VÍB er að stuðla að upplýstri og faglegri umræðu um mikilvæg mál á sviði eignastýringar, viðskipta og efnahagsmála. VÍB er eignastýringarþjónusta Íslandsbanka.

Vinsælasti íslenski unglinga- bókaflokkurinn



3. sæti

yfir mest
seldu barna- og
unglingabækur*

Ófríður sketur
Rökkurhæðir.
Tekst Ingibjörgu
og Matthíasi að
komast að rótum
vandans áður en
það er of seint?

fyrir
12-16
ára

„Hryllilega
spennandi
bækur, mæli
með þeim“

Eyrún Ósk
10 ára

„Frekar
krípi, gat
samt ekki
hætt að lesa“

Daníel
15 ára

Kristófer finnur
fullkomna gjöf handa litlu
systur í könnunarleiðangri um
Rústímar, gjöf sem á eftir að
hafa mikil áhrif á líf hans.

Metsöluþubækur



6. sæti

yfir mest
seldu barna- og
unglingabækur*

„frábær
húmor
...einstaklega
vönduð“

Edda Björgvins
leikkona

„Bull-
fyndin
bók“


Rökkví 10 ára

fyrir
7-12
ára



Rækilega fyndin og spennandi!

Kamilla og vinir hennar þurfa að kljást við
kexvitlausan vísindamann, fluggáfaðan úlf og
sína eigin foreldra í þessari þrælfyndnu bók.



New York
Times
Met-
söluþubók

fyrir
7-12
ára

„Frábær
bók til að
lesa með
börnunum.“

Ævintýri eins og þau gerast best

Dagný og Sabrína Grimm eru afkomendur hinna
frægu Grimmsbræðra. Margverðlaunaðar sögur þar
sem kunnugleg ævintýri birtast í nýju ljósi.



Við reynum ekki að vera best í öllu.
Þess vegna gefum við bara út barna- og unglunga-
bækur. Það er okkar ástríða



Síðumúla 29
108 Reykjavík
Sími 588 6609
bokabeitan@bokabeitan.is
www.bokabeitan.is

Ný reglugerð: Kostnaðaráhrif

BYGGINGARREGLUGERÐ



Fríðrik Ágúst Ólafsson
forstjórnarmaður
Meistaradeildar SI



Guðrún Ingvarsdóttir
verkefnisstjóri
þróunarverkefna
hjá Búseta hf.

og niðurstöður því ekki marktækar. Því fengu SI og Búseti óháðan aðila, Hannarr ehf., til að kostnaðarreikna húsið út frá nýrri reglugerð.

Niðurstaða kostnaðarútreiknings er að byggingakostnaður við samþærilegt mannvirki hækki um 9,6% að lágmarki vegna verulega aukinna krafna um einangrun, stækkun rýma, loftræstingu o.fl. Þá er undanskilinn kostnaðarauki vegna margra atriða sem nákvæmar forsendur liggja ekki fyrir um enn þá, s.s. brunahönnun, hljóðvist, merkingar o.fl. Þá ber að geta þess að hönnun hússins er í mörgum tilvikum vel umfram lágmarksákvæði fyrri reglugerðar. Þar má nefna stærðir rýma, aðgengismál og lyftu í húsinu þó ekki hafi verið krafa um slíkt í eldri reglugerð. Því er ljóst að kostnaðarhækkun hefði orðið enn meiri ef reiknað væri út frá „lágmarkshúsi“ skv. eldri reglugerð.

Forgangsröðun

Þau markmið sem fram eru sett í hinni nýju reglugerð lýsa um margt metnaði og framtíðarsýn og ber að hrósa því. Höfundar telja hins vegar að hér sé of stórt skref stigið og ekki hafi verið gefinn nægjanlegur tími til að vinna reglugerðina vel. Nauðsynlegt er að hægja á ferðinni og að markmiðum og breytingum reglugerðar sé forgangsraðað í takt við hagrænar aðstæður. Endurskoðun er ekki síst nauðsynleg með hliðsjón af óhjákvæmilegum og verulegum áhrifum á neysluverðsvísitölu, kaupmátt og skuldsetningu íslenskra heimila. Þá er mikilvægt að horfa til þess umhverfis sem blasir við íslenskum byggingariðnaði, en umfang hans nemur broti af meðalári miðað við

→ Nauðsynlegt er að hægja á ferðinni og að markmiðum og breytingum reglugerðar sé forgangsraðað í takt við hagrænar aðstæður.

siðastliðna áratugi og hafa spár um viðsnúning ekki gengið eftir. Ljóst er að frekari slaki á fasteignamarkaði mun aðeins auka líkur á bólumyndun á komandi árum, en stórir árgangar eru á næstu árum að koma út á íbúðamarkaðinn. Þá er vert að nefna umhverfislega þætti en umfang byggingarefnis eykst að óbreyttu verulega og skýtur það nokkuð skökku við í reglugerð sem ætlað er að tryggja vistvænar áherslur. Hér er mikilvægt að horft verði til séríslenskra aðstæðna, bæði hvað varðar orkunotkun og hvað varðar menningarstefnu yfirvalda í mannvirkjagerð.

Nauðsynlegt er að framlengja bráðabirgðaákvæði 1 sem gefur húsbyggjendum heimild til að byggja mannvirki á ákvæðum eldri reglugerðar. Með þessu gefst ráðrúm til frekari úrvinnslu og aðlögunar reglugerðar. Erindi þess efnis hafa þegar verið send umhverfisráðuneytinu af Samtökum íslenskra sveitarfélaga, Samtökum iðnaðarins, Arkitektafélagi Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands.

Skýrsla Hannarrs ehf. með kostnaðarútreikningum hefur verið afhent forstjóra Mannvirkjastofnunar en það er von SI og Búseta að hún geti nýst sem innlegg í nauðsynlega vinnu við umbætur á nýrri reglugerð. Áhugasamir geta nálgast skýrsluna á heimasíðum SI og Búseta.

Skógrækt bætir lífsgæði

Ræktun útivistarskóga í grennd við þéttbýli hefur verið eitt helsta verkefni skógræktarfélaganna í gegnum tíðina og blasir árangurinn nú við víða um land. Í útmörkum höfuðborgarsvæðisins og við fjölmörg þorp og bæi standa myndarlegir skógarreitir sem bera öfluggu starfi fyrri kynslóða skógræktarmanna fagurt vitni. Skógarnir eru sannkallaðir sælureitir í augum íbúa þar sem þeir geta stundað fjölbreytta útivist, gert sér glaðan dag með vinum og fjölskyldu eða fundið frið og ró í faðmi náttúrunnar. Fólk kann að meta skógana enda stuðla slíkar gróðurvinjar, í og við þéttbýli, að líkamlegri sem andlegri vellíðan.

SKÓGRÆKT



Einar Jónsson
verkefnastjóri hjá
Skógræktarfélagi
Íslands

→ Skógrækt er jafnframt sterkasta vopnið í baráttunni gegn uppblæstri og gróðureyðingu.

úr andrúmslofti og fegrar umhverfið svo fátt eitt sé nefnt.

Jólatrjáasala styrkir skógrækt

Það krefst mikillar þolinmæði, umönnunar og alúðar að rækta góðan útivistarskóg. Hirða þarf um skóginn og grisja og byggja upp aðstöðu ásamt því að leggja stíga og vegi til að fólk fái notið hans betur. Öllum þessum þáttum sinna skógræktarfélagin í landinu í góðri samvinnu við sveitarfélögin.

Umhirðunni fylgir talsverður kostnaður sem skógræktarfélagin standa að miklu leyti straum af sjálf. Til að mæta honum hafa sum þeirra gripið til þess ráðs að selja jólatré, ýmist til annarra söluaðila eða á eigin vegum. Mörg félög bjóða fólki að koma í skógin og höggva tré að eigin vali og eru slíkar heimsóknir orðnar ómissandi liður í jólaundirbúningi margra fjölskyldna. Ætla má að fyrir hvert selt tré sem skógræktarfélagin selja sé hægt að gróðursetja 30-40 ný tré. Með því að kaupa jólatré af skógræktarfélagum stuðlar fólk því að ræktun útivistarskóga í heimabyggð sinni og þar með að bættum lífsgæðum fyrir sig og afkomendur sína.

Er 10% hækkun óveruleg?

Svar barst þann 19. október frá Mannvirkjastofnun. Þar kom fram að kostnaðarauki á hinum ýmsu liðum væri ýmist enginn eða óverulegur. Að mati fulltrúa SI og Búseta var svarið ófullnægjandi, spurn-ingum ekki svarað nema að hluta

Kertaljós og skreytingar þarf að umgangast með varúð

Tryggið eldvarnir heimilisins, reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnarpakkar í miklu úrvali.



Eldvarnarpakki 1

Tilboðsverð í vefverslun

14.668 kr.

Listaverð 22.741 kr.



Eldvarnarpakki 2

Tilboðsverð í vefverslun

20.937 kr.

Listaverð 32.460 kr.



Eldvarnarpakki 3

Tilboðsverð í vefverslun

13.398 kr.

Listaverð 20.772 kr.



Eldvarnarpakki 4

Tilboðsverð í vefverslun

7.205 kr.

Listaverð 11.171 kr.



Eldvarnarpakki 5

Tilboðsverð í vefverslun

14.177 kr.

Listaverð 21.980 kr.

Tilvalið í bílinn eða ferðavagninn

Vefverslun með öryggisvörur á **oryggi.is**

Sími 570 2400 · **oryggi.is**

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR • DÍSELLA • JÓHANN F. VALDIMARSSON • PÓRA EINARSDÓTTIR • GARÐAR THÓR CORTES
KLASSÍSKUR ARMUR STÓRHLJÓMSVEITAR FROSTRÓSA • KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR • VOX FEMINAE
STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR • ÓPERUKÓRINN • STJÓRNANDI: ÁRNI HARDARSON • ÚTSETNINGAR: GÍSLI MAGNA

FROSTRÓSIR 2012 Klassik

*Pökkum frábærar viðtökur
Höfum bætt við einstökum miðnæturtonleikum
við upphaf jólafría*



Ljósmynd: Gassi.is Grafísk hönnun: Bjarni - nothing.is



Sérstakur gestur
KRISTINN
SIGMUNDSSON

Eldborgarsal Hörpu

21. des. kl. 20:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
21. des. kl. 23:00 MIDNÆTURTÓN.

Miðasala á Harpa.is, midi.is, í s. 528 5050 og í miðasölu Hörpu

frostrosir.is/klassik

*Fögnum byrjun jólahátíðar á einstökum miðnæturtonleikum í
Hörpu við upphaf jólafría, föstudagskvöldið 21. desember.*

 LEXUS

KRÓNAN

GJAFAKORT

KRÓNUNNAR ER NYTSAMLEG GJÖF!



EXPO · www.expo.is

Það er hægt að nota gjafakortið í öllum verslunum Krónunnar!

Gjafakortið færðu á www.kronan.is

eða fáðu upplýsingar í sími: 458 1100

Sérhagsmunir gegn almannahagsmunum

SKIPULAGSMÁL



Gunnar H. Gunnarsson
verkræðingur



Örn Sigurðsson
arkitekt

Sjú bæjarstjórnar rita í Fréttablaðið 20. október um skýrslu, sem þeir sjálfir fólu KPMG að vinna um kostnað flugfarþega af hugsanlegum flutningi miðstöðvar innanlandsflugs úr Vatnsmýri á Miðnesheiði. Bæjarstjórnara sjó varðar lítt um þjóðarhag og forsendur þeirra eru hæpnar. Þeir meta hvorki mörglundruðfaldan hag af byggð í Vatnsmýri né landsbyggðarvæn an flugvöll á Hólmsheiði í einu af úthverfum Reykjavíkur. Rétt er því að taka af öll tvímæli um nokkur meginatriði, sem varða þjóðarhag.

1. Um skyldu borgarstjórnar

Skylda yfirvalda í Reykjavík og í öðrum bæjum og borgum hvarvetna er að gera borgarskipulag á forsendum hagsæðar, öryggis og velferðar íbúanna svo þar dafni mannvænt og skilvirkt samfélag. Frá stríðslokum hafa borgaryfirvöld að mestu vanrækt þessa skyldu. Í stað þess að þjóna íbúum með góðu skipulagi leiddu þau til öndvegis baneitraðar landsbyggðar kröfur fjórflokksins um herflugvöll miðsvæðis til ómælds tjóns fyrir alla landsmenn. Neikvæðra áhrifa gætir í þjóðarhag.

2. Um skyldu flugmálayfirvalda

Skylda flugmálayfirvalda ríkisins er að tryggja skilvirkar flugsamgöngur í samræmi við hagsmuni samfélagsins á hverjum tíma og í sátt við íbúana. Frá 1945 hafa flugmálayfirvöld brugðist þeirri skyldu að tryggja frambúðarlausn fyrir miðstöð innanlandsflugs á SV-landi til hagsbóta fyrir flugfarþega og flugrekendur en einbeitt sér þess í stað að því að festa í sessi gamla herflugvöllinn í miðborg Reykjavíkur til gríðarlegs tjóns fyrir alla. Tvær óháðar rannsóknir um 1964 mátu Vatnsmýri

sem lakasta flugvallarvalkostinn af fjórum á höfuðborgarsvæðinu og árið 2007 komust sérfræðingar Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra að því að af fjórum kostum væri Vatnsmýri lakastur en Hólmsheiði þjóðhagslega hagkvæmastur.

3. Um höfuðborgarhagkerfið

Ekki er til mat á stærð hagkerfis höfuðborgarinnar. Fáum dylst þó að það er stærsti hluti íslensks hagkerfis. Örfáar grófar kennitölur verða því að nægja: 210.000 íbúar, 150.000 bílar, 2.000.000m² í verslunarhúsnæði, 6.000.000m² í öðru atvinnuhúsnæði, 170.000 störf og svo framvegis. Flugvöllurinn splundraði byggðinni, sem þekur nú um 15.000ha, líkt og París og Manhattan samanlagt (4 milljónir íbúa). Þannig glötuðust helstu borgareinkenni, svo sem eiginleg miðborg og nánd milli íbúa. Grunnur almanna-samgangna og nærþjónustu brast og bíllinn varð helsta samgöngutækið. Tímásóun borgarbúa er gríðarleg og reksturkostnaður heimila, fyrirtækja og sveitarfélaga allt of mikill. Óskilvirkni höfuðborgarhagkerfisins hefur neikvæð áhrif á þjóðarhag.

4. Um almannaöryggi

Forsendur almannaöryggis á höfuðborgarsvæðinu eru veikar. Rým-ingarleiðir eru of fáar og óþarflega langar vegna þess að mikið vantar inn í stofnbrautakerfið, sem hefur liðið fyrir Vatnsmýrarvöll og viðvarandi fjársvelt áratugum saman. Aðstæður öryggis- og neyðarþjónustu eru því erfiðar, flugvöllurinn þrengir að, bifreiðakstur er gríðarlegur, mengun er mikil og umferðarslys allt of mörg.

5. Um sjúkraflug

Óverjandi er að nota vængjað flug nema sjúklingur sé í „stöðugu“ ástandi svo flutningstími skerði ekki batahorfur. Stórslasaða og bráðveika á að flytja með þyrlu beint á sjúkrahöfnun. Sjúkraflug er a.m.k. þrjúþætt: bílferð að flugvelli, flugferð, bílferð að sjúkrahöfnun. Meðalflutningstími er a.m.k. 2 klst. Lenging bílferðar um 10-20 mín. að sjúkrahöfnun skiptir því ekki máli. Gnótt fjár til eflingar sjúkrahöfnun er nú bundin undir flugbrautum í Vatnsmýri.

→ Þeir meta hvorki mörglundruðfaldan hag af byggð í Vatnsmýri né landsbyggðarvæn an flugvöll á Hólmsheiði í einu af úthverfum Reykjavíkur.

6. Um Reykjavíkvaldið

Landsbyggðarforkólfar nefna oft „Reykjavíkvaldið“ til að lýsa óbeitt á meintri mismunum af hálfu valdsmanna í höfuðborginni, valdsmanna sem yfirleitt eru þó landsbyggðarsinnaðir þingmenn, sem í heila öld hafa einokað sæti í áhrifamestu nefndum Alþingis og oftast mánnað þá ráðherrastóla sem mest áhrifavald hafa haft á örlög landsbyggðarinnar.

7. Um skýrslu KPMG

KPMG fullyrðir ranglega að skilyrði á Hólmsheiði séu óhagstæð. Hið rétta er að skv. yfirlýsingu dr. Haraldar Ólafssonar má lenda þar í a.m.k. 96 prósentum tilvika en að mati flugrekenda nægja 95 prósent. Ámælisvert er að skýrsluhöfundar fjalla ekki um mikla hagsmuni af flutningi flugs úr Vatnsmýri.

Niðurlag

Bæjarstjórnara sjó varðar hvorki um þjóðarhag né hagsmuni borgarbúa enda móttast nálgun þeirra af atkvæðamisvægi og kjördæmapoti í heila öld. Og þó flugvöllurinn sé enn í Vatnsmýri hefur hann augljóslega aldrei gagnast landsbyggðinni því víða er orðið tvísýnt um áframhald búsetu vegna fólksfækkunar. Hins vegar hefur hann leitt yfir borgina ómældar búsfjár. Í áratugi hafa Íslendingar haft einna hæstar þjóðartekjur á mann í heiminum en á sama tíma kvartar fólk undan láguum tekjum. Meginskýring þessa munar felst í óskilvirkum rekstri borgarsamfélagsins, hömlulausu kjördæmapoti og illri meðferð ríkisfjár áratugum saman. Bæjarstjórnarnir sjó og aðrir landsbyggðarforkólfar fyrr og síðar bera mesta ábyrgð á þessari ómurlegu stöðu mála. Í stað bullandi kjördæmapots ættu bæjarstjórnarnir sjó að beita sér fyrir áhrifarikari byggðastefnu en hingað til og að styðja byggingu nýs flugvallar á Hólmsheiði. Kostnaður við hann er á við ein Vaðlaheiðargöng.

Hrægammar og landshöfðingjar

Eftir að Viðeyjar-stjórn

landshöfðingjanna sem þá voru, Davíðs Oddssonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar, hafði með blessun þáverandi forseta, Vigdísar Finnbogadóttur, samþykkt með þingræðislegu gerræði frjálst flæði fjármagns og vinnuafns þvers og kruss eftir vafninga- og útrásar- og innrásarleiðum, þá var grundvöllurinn skapaður fyrir Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson og valdaelítu flokka þeirra að einkavæða bankana.

Í áframhaldinu kom svo ríkisstjórn Geirs Hilmarssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með þau Jóhönnu Sigurðardóttur og Össur Skarphéðinsson og álíka kauða innanborðs. Haustið 2008 hrundi svo skjaldborg allra ofantalinna um hina einka-vinavæddu banka.

Sú skjaldborg hefur síðan verið endurreist og enn á ný til einkavæðingar bankanna. Það er verk ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar, landshöfðingja Deutsche Bank, AGS og ESB-Icesave.

Það ætti því að vera öllum augljóst hvern erinda allur 4-flokkurinn gengur. Við þekkjum söguna.

STJÓRN MÁL



Pétur Örn Björnsson
arkitekt og félagi í Samstöðu

Sérhagsmuna-bakklor

Í því ljósi er vert að minna á þessi orð Lilju Mósesdóttur, stofnanda og félaga í Samstöðu flokki lýðræðis og velferðar, og ég vona og vil leyfa mér að trúá því, að þessi þjóð okkar fari nú að vakna og átta sig á því að allur 4-flokkurinn er gegnumrotinn af gagnkvæmu og ferföldu sérhagsmuna-bakklori, sem beinlínis beinist gegn almannahagsmunum íslensks almennings og þar með gegn almannahagsmunum okkar sem þjóðar:

„Sú staðreynd að hrægammastjórnir eru helstu kröfuhafar Íslands ógnar efnahagssjálfstæði landsins. Mér skilst að ætlun ríkisstjórnar Geirs H. Haarde hafi verið að kaupa upp kröfur á föllnu bankanna en Barroso, framkvæmdastjóri ESB, hafi í símtali við Geir talað gegn því að íslensk stjórnvöld reyndu að kaupa upp kröfur á föllnu bankana fyrir slikk. Uppkaupin hefðu haldið hrægammastjórnunum frá landinu.

Gott dæmi um hvernig hrægammastjóðir geta knésett ríkissjóð landa er Argentína. Um aldamótin keyptu hrægammastjóðir upp hluta af erlendum skuldum Argentínu á 20% af nafnvirði

→ Sú skjaldborg hefur síðan verið endurreist og enn á ný til einkavæðingar bankanna.

þeirra. Þegar hagkerfið lenti í erfiðleikum 1999-2002 ruddust sjóðirnir inn á gjaldeyrismarkaðinn til að koma kröfum sínum í verð sem ýtti undir greiðsluþrot argentínska ríkissjóðsins.“

Dúndrandi NEI

Ég veit að íslensk þjóð mun ekki láta sérhagsmuna-elítu 4-flokksins blöffa sig aftur – eða hvað? Nei, fjandakornið, íslenska þjóðin er a.m.k. reynslunni ríkari og hún sagði dúndrandi Nei í Icesave-þjóðaratkvæðagreiðslunum.

Ég er þess reyndar einnig alveg viss að íslensk þjóð mun ekki, þegar á hólminn kemur í kosningum til Alþingis, láta hina ofur-björtu framtíð skælbrosandi skemmtara útfryma 4-flokksins rugla sýnina og heilbrigði vits okkar þegar um almannahagsmuni okkar sem þjóðar er um að ræða: „Nei, We won't get fooled again ... Nei ... We won't get fooled again.“ Við þurfum að virkja hér lýðræði okkar til velferðar okkar sem þjóðar, en ekki landshöfðingja með sína skælbrosandi skemmtara, sem sundra okkur sem sauðum til slátrunar fyrir hrægamma.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



JÓLA-SMOOTHIE

Það er ágætt að fá sér eitthvað hollt og gott á milli þess sem snætt er af jólahlaðborðum. Þessi drykkur er auðveldur. Í hann þarf 250 g frosin sólber, 1 banana, 2 dl hreina jógúrt og 2 dl ávaxtasafa. Allt sett í blandara.



FOSCAM Eirberg
öryggismyndavélar - gæsla og öryggi

Háskerpu öryggismyndavélar

- Þráðlaus samskipti við tölvur og snjallsíma

Verð: 39.750 kr.

Opið kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Gjöfin hennar

- undirföt
- náttföt
- sloppar

Opið alla daga til jóla

Sloppur verð: 11.900 kr.
Litir: Fjólublár, svartur.



Selena

Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

Jólagjöfin í ár

praxis
... þegar þú vilt þægindi

Vatteraðir jakkar - 14.500 kr.



Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu

Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kikið á praxis.is

Bonito ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. - fös. kl. 11-18. Opið laugardaga 11-15.



SAFT

RÆDDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN

Heimill og skóli

www.saft.is



ERU GRÆÐARAR AÐ GRÆÐA

KÖNNUM MÁLIÐ Bandalag íslenskra græðara eru regnhlífarsamtök græðara. Fjórir þingmenn hafa farið fram á að settur verði starfshópur til að kanna hvort greiða eigi niður eða undanskilja þjónustu þeirra frá virðisaukaskatti.

Græðarar hafa verið til umræðu í samfélaginu undanfarið vegna tillögu sem lögð var fram á Alþingi. Skoðanir á störfum þeirra eru sterkar og afar misjafnar. „Fólk hefur skoðanir á okkur eins og læknum, hjúkrunarfólki og öðrum, enda erum við öll misjöfn. Aðferðir græðara koma ekki í staðinn fyrir lækni meðferð eins og sumir vilja meina. Þær eru stuðningur við aðrar meðferðir og til að bæta líðan fólks í ýmsum aðstæðum lífs síns,“ segir Anne May Sæmundsdóttir, formaður Bandalags íslenskra græðara.

Bandalag íslenskra græðara (BÍG) eru regnhlífarsamtök fagfélaga heildrænna meðferðaraðila á Íslandi. „Aðeins þau fagfélög fá aðild að BÍG sem standast kröfur samkvæmt lögum frá Alþingi og reglugerð frá ráðherra. Þar er að finna ströng skilyrði sem snúa meðal annars að kröfu um menntun í fögum eins og líffæra- og lífeðlisfræði ásamt fleiri fögum. Þá eru skráðir græðarar einnig skyldaðir til að vera tryggðir. Fjöldi fagfélaga stenst ekki

settar kröfur og falla því félagar þeirra ekki undir skilgreiningu laga og reglna sem græðarar.“

Eitt af hlutverkum BÍG er að tryggja almenningi upplýsingar um hvaða græðarar eru skráðir á hverjum tíma og hver starfsgrein þeirra sé. Þannig á almenningur að geta treyst því að þeir aðilar hafi staðist settar kröfur. „Það er svo undir hverju félagi komið hvort það kys að bæta úr því sem þarf innan félagsins til að standast aðildar-kröfur.“

Fjórir þingmenn hafa nú farið fram á að settur verði starfshópur sem kanna á hvort greiða eigi niður eða undanskilja þjónustu græðara frá virðisaukaskatti. „Margir græðarar vinna inni á stofnunum heilbrigðiskerfisins og nýta sér kunnáttu sína þar. Þeirra þjónusta er niðurgreidd af ríkinu en ekki okkar. Eins eru einkaþjálfarar og jógakennarar undanþegnir virðisaukaskattgreiðslum, sem við erum ekki. Það eina sem við biðjum um er að jafnræðis sé gætt.“

■ vidir@365.is

STRANGAR KRÖFUR
Aðeins þau fagfélög fá aðild að Bandalagi íslenskra græðara sem standast strangar kröfur samkvæmt lögum frá Alþingi og reglugerð frá ráðherra.
MYND/GVA

Flottar jólagjafir
Mikið úrval - Góð verð

TÉKK www.tk.is

KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



10% afsláttur af iittala

OLANG FYRIR DÖMUR OG HERRA Verð: 24.000.-

DC ICE GRIP SYSTEM

NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM
MEÐ MANNBRODDUNUM

Parísar TÍZKAN B/A/S/L/E/R

Skipholtí 29b • S. 551 0770



JÓGA Í BLÍÐUNNI Krakkajóga var tekin upp á Þingvöllum í sumar með aðstoð kátra krakka. MYND/ALDA LÓA LEIFSDÓTTIR

Flott í jólapakkann !

Peysa á 5.900 kr.
Síður toppur á 3.900 kr.
Trefill á 2.500 kr.

Fleiri litir

black pepper FASHION

Opið mán.-miðv. kl. 11-18
Opið fimmt.-föst. kl. 10-18
Opið laugardaga kl. 10-16

Laugavegi 178 • Sími 555 1516

UPP ÚR SÓFANUM

HOLLT FYRIR BÖRN Krakkajóga nýtur sífellt vaxandi vinsælda. Bráðlega kemur út DVD-diskur um krakkajóga ætlaður börnum og fullorðnum.

Jóga ætlað börnum hefur verið stundað hér á landi í nokkur ár. Það er talsvert frábrugðið hefðbundnu jóga að því leyti að mikið er gert út á leiki í stað erfiðra og flókinnna jógaæfinga.

Fyrir jólin munu Auður Bjarnadóttir, jógakennari hjá Jógasetrinu, og Sigrún Harðardóttir, margmiðunarfræðingur og myndlistarkona, gefa út DVD-diskinn Krakkajóga. Hugmyndin að útgáfu hans kviknaði þegar Auður var með vinsælt jógaefni fyrir krakka í Stundinni okkar fyrir mörgum árum. Hún segist í kjölfarið hafa fengið fjölmargar fyrirspurnir frá foreldrum og leikskólakennurum um efnið. „Diskurinn leggur mikla áherslu á leiki og gleði þar sem börnin læra jógaæfingar og æfingar sem styrkja jafnvægi, hjálpa til við slökun og skerpa einbeitinguna. Hann er hugsaður fyrir börn á aldrinum þriggja til tíu ára en auðvitað er tilvalið fyrir foreldra, vini og afa og ömmu að slást í hópinn. Börn sitja of mikið í dag og með disknum erum við ekki síst að hvetja þau til að standa upp úr sófanum.“

Auður segir dýrarkíð og náttúruna áberandi í krakkajóga og þótt leikgleðin sé í fyrirrúmi er myndbandið að hennar sögn bæði fræðandi og örvandi fyrir ímyndunaraflíð. Hún segir jóga henta öllum börnum, hvort sem þau stunda íþróttir eða ekki. „Rann-



sóknir hafa sýnt að börn læra best í gegnum hreyfingu og leik á meðan þau eru vökul og slök. Það er þó misjafnt hvað börnin fá úr jóga. Á meðan sum sækja í æfingar sem styrkja jafnvægi, einbeitingu og samhæfingu eru önnur börn að læra einfaldar öndunaræfingar, möntrur og slökun.“

Myndefnið á disknum var tekið upp á Þingvöllum í sumar í fallettu veðri með aðstoð kátra krakka. Þær hafa látið talsetja efnið á ensku en stefnt er á útgáfu disksins í Bandaríkjunum á næstu mánuðum. Fleiri lönd munu hugsanlega fylgja í kjölfarið.

FJÖLBREYTNÍ
Diskurinn er hugsaður fyrir börn á aldrinum þriggja til tíu ára.
MYND/ALDA LÓA LEIFSDÓTTIR



KENNAFINN Auður Bjarnadóttir, jógakennari hjá Jógasetrinu.
MYND/ÚR EINKASAFNI

HÖRFÐU Á ÞÁTTINN 7. DES

SKEMMTUN SEM SKIPTIR MÁLI Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2

HÉR FÆRÐU RAUÐU NEFIN: Hagkaup, Bónus, MP banki, Te og Kaffi, Domino's.

www.unicef.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir

ALLT TIL GJAFAINNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið 8.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is • info@flora.is
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 535 8500

Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?



Stórar hugmyndir þurfa mikið pláss




Próunarsetrið Eldey á Ásbrú býður frumkvöðlum og fyrirtækjum með nýsköpunarverkefni sem þarfnast stærra rýmis að leigja frábæra aðstöðu á hagstæðu verði.

Í Eldey gefst skapandi einstaklingum og fyrirtækjum tækifæri til að fá stuðning, fræðslu og ráðgjöf til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd, og um leið tækifæri til að efla tengslanet sitt og finna mögulega samstarfsaðila.

Tæplega 30 fyrirtæki og samtök hafa í dag aðstöðu í Eldey sem gerir þetta að einu af mest spennandi próunarsetrum landsins.

Próunarsetrið Eldey er rekið af Heklunni, Atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja.

Nánari upplýsingar á asbru.is og heklan.is



HEKLAN | ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG
SUÐURNESJA

ÁSBRÚ

Kadeco[®]

Próunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

MERKISATBURÐIR

1791 Fyrsta tölublað The Observer, fyrsta sunnudagsdagblaðs heims, er gefið út.

1954 Kvikmyndin Salka Valka eftir sögu Halldórs Laxness er frumsýnd í Nýja bíói og Austurbæjarbíói í Reykjavík.



1965 Fyrsti íþróttaleikurinn fer fram í Íþróttahöllinni í Laugardal.

1981 Styttta af heilagri Barböru er afhjúpuð á messudegi hennar í kapellunni í Kapelluhrauni við Straumsvík.

2006 Wii-leikjatölvan frá Nintendo er sett á markað.



SAGNFRÆÐINGURINN „Allir sem leggja hönd á plóg gefa vinnu sína og þjónustu,“ segir Margrét um dagskrána sem flutt verður til ágóða fyrir mæðrastyrksnefnd á Akureyri.

MYND/HEIDA.IS

Bregðum ljósi á líf íslenskra alþýðukvenna

Líf síldarstúlkna og annarra verkakvenna fyrir um hundrað árum verður umfjöllunarefni fjáröflunardagskrár í Samkomuhúsinu á Akureyri á fimmtudaginn klukkan 20. Dagskráin er í umsjón Margrétar Guðmundsdóttur sagnfræðings.

„Við munum afhjúpa ýmsar goðsagnir eins og þær að giftar konur á Íslandi hafi ekki unnið launavinnu. Það hefur lengi verið þörf fyrir tvenn laun á íslenskum alþýðuheimilum,“ segir Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur hjá Akureyrarakademíunni, félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Hún mun stjórna dagskrá í Samkomuhúsinu á Akureyri á fimmtudagskvöld sem fjallar um líf síldarstúlkna og annarra verkakvenna bæði sunnan og norðan heiða, aðallega norðan. Selt verður inn á dagskrána til ágóða fyrir gott málefni. Gefum Margrét orðið:

„Ég hef verið að rannsaka greinargóðar dagbækur verkakvunnar Elku Guðmundsdóttur sem kom hingað norður sumarið 1915 til að vinna í síld á Hjalteyri. Ég tengi þá reynslu henn-

ar við verkakvinnur hér í Eyjafirði sem stofnuðu félag síldarstúlkna árið 1909 og kynni þær konur sem völdust þar í stjórn. Ein þeirra, sem var einstæð móðir, tengist líka leikhúsinu og drengurinn hennar varð síðar mikill leikari hjá Leikfélagi Akureyrar. Hún var líka í nefnd sem stofnaði Húsmæðraskólann á Akureyri sem Akureyrarakademían hefur verið til húsa í, og tengir allt þetta verkefni.“

Margrét segir Elku hafa verið í stjórn verkakvinnafélagsins Framsóknar í Reykjavík. „Eitt af því sem henni var falið í Framsókn var að skrifa verkakvinnur hér fyrir norðan um vinnuna í síldinni. Það bréf hefur varðveist og verður vitnað í það í dagskránni. Hún var feimin hún Elka og ekki mikið fyrir að halda ræður opinberlega en samkvæmt dagbókunum heldur hún stund-

um ræður heima hjá sér og hún hefur líka húmor fyrir sjálfri sér.“

Dagskráin er sett upp í samvinnu við Leikfélag Akureyrar og leikarar þaðan taka þátt í flutningnum. Minjafnið á Akureyri leggur verkefninu lið og varpar gömlum ljósmyndum upp á tjald.

Margrét tekur fram að aðgangur að dagskránni kosti 2.000 krónur og útskýrir það nánar. „Á fyrri hluta síðustu aldar tíðkaðist að vera með alþýðlega fyrirlestra sem selt var inn á. Það sem kom upp úr kössunum gekk svo til ákveðinna málefna. Við í Akureyrarakademíunni ákváðum að endurvefja þennan síð núna fyrir jólin til ágóða fyrir mæðrastyrksnefnd á Akureyri og fengum fleiri í lið með okkur. Allir sem leggja hönd á plóg gefa sína vinnu og þjónustu.“

gun@frettabladid.is

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og bróðir,

JÓHANNES S. KJARVAL
arkitekt,
Grenimel 32,

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 1. desember.



Gerður Helgadóttir
Þóra Kjarval
Sveinn Kjarval
og systkini hins látna.

María Björk Jónsdóttir

✝

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

KRISTINS GUNNARSSONAR
hæstaréttarlögmans.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir góða umönnun.



Bryndís Jóhannsdóttir
Þórunn Kristinsdóttir
Þórdís Kristinsdóttir
Gunnar Kristinsson
Jóhann Kristinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Garðar Jóhann Guðmundsson
Ásgeir Magnússon
Claudia Picenoni
Sólveig Ólafsdóttir

✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

SIGURÐUR ÞORKELL ÁGÚSTSSON
símsmiður,
Lauganesvegi 89,

andaðist á Landspítalanum, Fossvogi, fimmtudaginn 29. nóvember sl. Útför hans fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 6. desember nk. kl. 13.00, jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.



Aðalheiður Þórosmóttir
Stefán Þór Sigurðsson
Ágúst Már Sigurðsson
Jóna Björg Sigurðardóttir
Þröstur Sigurðsson
Sigurður Sigurðsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Lilja Guðmundsdóttir
Svava Ásdís Steingrimsdóttir
Kristján S. Kristjánsson
Sigfríð Sigurðardóttir
Lára Bæhrens Þórðardóttir

✝

Okkar ástkæri

SIGURÐUR GUNNARS SIGURÐSSON
viðskiptafræðingur,
Skildinganesi 12, Reykjavík,

lést sunnudaginn 25. nóvember. Útför hans fer fram frá Nes Kirkju föstudaginn 7. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á blóðlækningadeild Landspítalans og Hjartaheill.



Helga Margrét Ketilsdóttir

Árni Sigurðsson
Helgi Grétar Sigurðsson
Bjarni Árnason
Árni Þór Árnason
Alysha Sarasua
Alexander Snorri Sigurðsson
Benjamin Joseph Sigurðsson
Sara Björk og Tristan Bjarki.

Guðný Lilja Oddsdóttir
Rosalie Sarasua
Rakel Karlsdóttir
Harpa Hrund Pálsdóttir

Hátíð í bæ á Selfossi

Stórsöngvarar, barna- og unglingakórar og lúðrasveit verða í aðalhlutverkum á jólatónleikum á Selfossi á morgun.

Páll Óskar, Diddú og Gissur Páll eru meðal þeirra söngvara sem koma fram á stórtónleikumum Hátíð í bæ á Selfossi annað kvöld, miðvikudaginn 5. desember. Tónleikarnir eru haldnir í Iðu, íþróttahúsi FSu og hefjast klukkan 20. Auk margra einsöngvara syngja barna- og unglingakórar Selfoskirkju og Lúðrasveit Þorlákshafnar leikur. Einnig verður leyniatriði sem ekki verður ljósstrað meiru upp um hér. Kynnir á

tónleikumum verður Óskar Hafsteinn Óskarsson og umsjónarmaður tónlistaratriða er Guðmundur Eiríksson.

Þess má geta að Hótel Selfoss verður með tilboð á mat og gistingu fyrir tónleikagesti.

-gun

PÁLL ÓSKAR OG DIDDÚ Þau bregða sér austur fyrir fjall og taka lagið með sunnlensku tónlistarfólki.

FRÉTTABLAÐID/GVA



✝

Ástkær eiginmaður, faðir og bróðir,

ERNST P. DANÍELSSON
M.D.

lést á heimili sínu í Dunnegan, Missouri, USA, 30. nóvember 2012. Jarðsett verður frá Dunnegan.



Susie Danielsson
Martha Ernstsdóttir
Sveinn Ernstsson
Bryndís Ernstsdóttir
Brendan Danielsson
Abigail Danielsson
Heather Barbor
Hákon Danielsson
Helgi Daníelsson
barnabörn, tengdabörn og aðrir vandamenn.

✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

UNA GUÐMUNDSDÓTTIR
Fjarðargötu 19, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans 26. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akranes Kirkju föstudaginn 7. desember kl. 14.00. Sérstakar þakkir færum við Örnunni Dögg Einarsdóttur lækni.



Linda Björk Svansdóttir

Svanur Pétursson
Hrafnhildur Svansdóttir
Guðmundur Rafn Svansson
Arnar Svansson
Halla Svansdóttir

Guðmundur Rúnar Skúlason
Guðrún Adólfssdóttir
Jenny Þórkátla Magnúsdóttir
Jóhannes Þór Harðarson
og barnabörn.



Hægt er að velja úr fjölmörgum útgáfum af fótum og áklæði fyrir dönsku rúmin frá Passion.

FRÁBÆRT ÚRVAL

AF RÚMUM, TUNGUSÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM Í ÖLLUM STÆRÐUM



GÆÐA SVEFNSÓFAR Í ÚRVALI



Rinoa tungusófi, stærð 260 x 170 cm alklæddir leðri og einnig í taui



Diva, stærð 202 x 150 cm alklæddur leðri og einnig í taui



Gary með rafstýringu og án, lengd 200 cm alklæddur leðri og einnig í taui



Massa, með og án rafstýringar, lengd 210 cm alklæddur leðri og einnig í taui.



Walton, stærð 214 x 150 cm alklæddir leðri og einnig í taui



Gary hvíldarstóll með eða án rafstýringar breidd 85cm



Lyftistóll lyftir upp breidd 80 cm



Roman hvíldarstóll, breidd 80cm alklæddur leðri og einnig í taui



Walton II, stærð 283 x 205 cm alklæddir leðri og einnig í taui

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ Í GANGI

BJÓÐUM EINNIG UPP Á DÖNSK GÆÐARÚM FRÁ PASSION OG AMERÍSKU DÝNUNUM FRÁ SERTA

Kíktu í heimsókn og uppfylltu drauma þína um betri hvíld.

LÚR

BETRI HVÍLD

KROSSGÁTA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. snap, 6. mannþvaga, 8. skar, 9. ung stúlka, 11. til, 12. talía, 14. væla, 16. sjó, 17. líftíð býli, 18. stefna, 20. holskrúfa, 21. mála.

LÓÐRÉTT

1. magi, 3. eftir hádegi, 4. landbúnaðartæki, 5. fiskilína, 7. hnossgæti, 10. pípa, 13. klastur, 15. frumeind, 16. andi, 19. tveir eins.

LAUSN

atóm, 16. sál, 19. tt.
 5. lóð, 7. sælgæti, 10. rór, 13. kák, 15. LÓÐRÉTT: 1. vömb, 3. eh, 4. traktor, LÁRÉTT: 2. betl, 6. ós, 8. hró, 9. mæri, 11. að, 12. blökk, 14. græta, 16. sœ, 17. kot, 18. átt, 20. ró, 21. líta.

Leit að veruleika

BAKPANKAR
 Erlu Hlynsdóttur

Ég er með smá verkefni handa þér. Ef þú ert ekki að lesa þennan pistil á netinu þá vil ég að þú setjist núna fyrir framan nettengda tölvu. Þú þarft að finna þér leitarvél, ég mæli með Google.is, og þar vil ég að þú leitir að nokkrum orðum. Í dag ætlum við að einbeita okkur að myndum því myndir segja jú meira en þúsund orð.

skólastelpur, „schoolgirl“. Nú færðu upp myndir af litlum sætum stelpum. Sumar þeirra eru reyndar ekki svo litlar en þær þykjast vera það. Þær eru í fráhnepptum skyrtum sem sýna brjóstaskoruna vel og þær eru í all of stuttum pilsnum sem ná ekki að hylja rassinn þegar þær halla sér munúdarfullar fram.



FYRST legg ég til að þú leitir að myndum af skólastrákum. Af því að tungumál netsins er enska þá þarft þú að skrifa „schoolboy“. Nú færð þú upp fullt af myndum. Þetta eru myndir af litlum sætum strákum með skólatösku á bakinu. Þeir eru sumir með blýant í hönd og jafnvel virðulegir drengir með bindi.

NÆST þarft þú að gúggla

NÝTT verkefni. Nú leitum við að myndum eftir heimsálfum. Fyrst leitir þú að öllu sem er evrópskt, „european“. Þarna kemur Evrópusambandið sterkt inn, fánar nokkurra landa svo og kortamynd af Evrópu. Næst skulum við gúggla „american“. Þá sjáum við bandaríska fánann, bandaríska fánann og bandaríska fánann. Ein heimsálfa í viðbót: Asia. Nú skrifum við „asian“ inn í leitarvélina. Nú tókum við upp skrifblokkina og punktum hjá okkur hversu margar myndirnar eru af konum sem eru ekki í neinu að ofan nema brjóstahaldara.

PESSU allsendis ótengt þá heyrði ég brandara um daginn. Hann var um Google. Brandarinn var: Hvort er Google stelpa eða strákur? Svar: Stelpa, því hún leyfir þér aldrei að klára sjálfur setningar og leggur þér sífellt orð í munn.



MYNDASÖGUR

PONDUS

Eftir Frode Øverli




GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Rómantískur gamanleikur

Í leikstjórn Sigga Sigurjóns og Bjarna Hauks

fim. 22/11 kl. 20 **UPPSELT** lau. 1/12 kl. 19 örfá sæti
 fös. 23/11 kl. 20 örfá sæti sun. 2/12 kl. 20 örfá sæti
 lau. 24/11 kl. 19 örfá sæti sun. 30/12 kl. 20 örfá sæti
 fös. 30/11 kl. 20 örfá sæti

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Hef auðveldari aðgang að netbankanum

Sé stöðu lána hjá lífeyrissjóðnum

Get skoðað yfirlit frá Lánasjóðnum

Rafræn skilríki spara mér minútur
sem safnast í ótal verðmætar stundir

Kýs rafrænt við ýmis tækifæri í framtíðinni

Fæ aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrá



Líkt og Hrefna getur þú nýtt þér rafræn skilríki og eitt lykilorð til að opna þér hraðleið að þjónustu yfir hundrað aðila. Prófaðu rafræn skilríki og upplifðu þægindin við að þurfa ekki að muna mörg notendanöfn og lykilorð.

Talaðu við bankann þinn og virkjaðu rafrænu skilríkin á debetkortinu þínu.

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

Jólin byrja í

Nýtt áskrift



TÓNLEIKAR STUDMANNA Í HÖRPU



ÓSKARSVERÐLAUNAMYNDIN
THE KING'S SPEECH



STÓRTÓNLEIKAR
FROSTRÓSA



MIÐ-ÍSLAND UPPISTAND
Í ÞJÓÐLEIKSHÚSINU



JÓLADAGATAL
SKOPPU OG SKRÍTLU



PRÚÐULEIKARNIR
SNÚA AFTUR



FJÓRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT
AÐ STÖÐ 2 OG STÓRAUKIÐ NETFRELSI

ALLT ÞETTA FYRIR 254 KR. Á DAG

Gledilega jó



skemmtilegri

dag á Stöð 2

flartumabil



JÓÍ FEL TÖFRAR FRAM
HÁTÍÐARMATINN



ÍSLENSKA ÆVINTÝRAMYNDIN
ÞÓR – HETJUR VALHALLAR



THE WAR HORSE
– STEVEN SPIELBERG



STÓRMYNDIN
THE HELP



TOWER HEIST
MEÐ BEN STILLER



NEW YEARS EVE
– STJÖRNUPRÍDD

Óladagskrá


NJÓTTU JÓLANNA
Í FAÐMI FJÖLSKYLDUNNAR



Jólatónleikar Skagfirsku Söngsveitarinnar

Ásamt hljómsveit Björns Thoroddsen og félagi í Árbæjarkirkju v/ Rofabæ
Þriðjudaginn 4. des kl. 20:00
Miðaverð: 2.000,-

JÓLADAGATAL NORRÆNA HÚSSINS Í GÆR VAR EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL



HVER VERÐUR Í DAG?

Innsýn í hugarfylgsni lítilla karla

BÆKUR ★★☆☆☆

Sjálfstæðisflokkurinn: Átök og uppgjör

Styrmir Gunnarsson
VERÖLD

Tilgangur Styrmis Gunnarssonar, fyrrum ritstjóra Morgunblaðsins, með ritun bókanna „Sjálfstæðisflokkurinn: Átök og uppgjör“ virðist tvenns konar. Annars vegar gerir hann tilraun til að endurskrifa söguna. Í söguskýringu Styrmis felst að Geir Hallgrímsson, fyrrum formaður Sjálfstæðisflokksins, forsætisráðherra, eigandi Morgunblaðsins og vinur Styrmis, sé einn merkilegasti stjórnmálamaður sem þjóðin hefur af sér alið.

Í bókinni segir að Geir hafi, sem forsætisráðherra, innsiglað varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna og tryggt sigur í baráttu Íslendinga fyrir fullum yfirráðum yfir auðlindum hafins. „Þótt ekkert annað hefði komið til, ætti þetta tvennt að duga til þess að skipa honum verðugan sess í stjórnmálasögu Íslands á síðari hluta 20. aldar.“ Smjauður á borð við þetta, og réttlætning á ákvörðunum sem Geir tók, eru rauði þráðurinn í bókinni.

Á þessari söguskýringu eru þó augljósir annmarkar. Í formannstíð Geirs, sem stóð yfir í áratug, sat Sjálfstæðisflokkurinn sam-einaður einungis eitt kjörtímabil í ríkisstjórn. Árangurinn í þingkosningunum 1978 og 1979 þótti heldur ekki upp á marga fiska og þótt flokkurinn hafi náð að safna vopnum sínum 1983 þá féll Geir út af þingi í þeim kosningum, eftir að hafa beðið afhröð í prófkjöri í aðdraganda þeirra. Hann fékk samt að sitja sem utanþingsráðherra þar til eftirmaður hans á formannstóli ýtti honum út til að komast sjálfur í ríkisstjórn.

Hins vegar veitir bókinn innsýn inn í þann valdaheim sem hópur lítilla karla með mikilmennskubrjalæði bjó til. Þessir sömu karlar stýrðu, leynt og ljóst, Íslandi um áratugaskeið. Styrmir dregur ekkert undan í ótrúlegum



STYRMIR GUNNARSSON

lýsingum á samkrulli stjórnmála og fjölmiðla sem virtust hafa það að leiðarljósi að tryggja þrönga sérhagsmunum. Í bókinni eru mýmörg dæmi. Það eftirminnilegasta, og skýrasta, er

frásögn af kosningafundi Sjálfstæðisflokksins sem haldinn var í Háskólabíói í aðdraganda alþingiskosninganna 1967. Svo slæleg mæting var á fundinn að það var til krísfundar á heimili þáverandi forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar. Fundinn sátu leiðtogar úr Sjálfstæðisflokknum, ritstjórar Morgunblaðsins og Styrmir. Þar skiptust menn á að leggja í þúkk fyrirsagnir og framsetningar-möguleika sem myndu sýna fundinn í öðru ljósi en raunveruleikinn. Í bók Styrmis segir að með fréttinni hafi síðan verið birt „fjögurra dálka mynd, sem með prenttækni þeirra tíma var svo óskýr að tómléikinn í efstu sætaröðum sást illa. Í fréttinni var fullyrt, sem kannski var eins konar hvít lygi, að húsið hefði verið fullsetið“.

Á meðan Styrmir segir sögur af svona óeðlilegheitum, sem eiga ekkert skylt við blaðamennsku, þá segir hann inn á milli frá því að ritstjórar Morgunblaðsins hafi rekið blaðið undir formerkjum trausts og heiðarleika. Augljóst er þó að ekkert rúm er fyrir slík gildi hjá Styrmir þar sem hann viðurkennir þátttöku sína, og Morgunblaðsins, í því að blekkja vísitandi lesendur sína í þágu annarlegra sjónarmíða.

Styrmir eyðir síðan eftirmála bókanna í að mæra Davíð Oddsson, núverandi ritstjóra Morgunblaðsins, fyrir pólitísk afrek hans. Það er kannski videigandi sökum þess að Davíð er ábyrgur fyrir því, á ritstjórástóli, að færa Morgunblaðið frá því að vera fréttamiðill í átt að því að vera áróðurstól í þeim stíl og það var á mektardögum Styrmis. Þá er áhugi þeirra tveggja á endurritun



sögunnar mjög svipaður; úr takti við raunveruleikann og með hagsmunum sína og sinna að leiðarljósi.

Styrmir Gunnarsson sér heiminn í öðrum litum en fólk flest. Í hans heimi snýst allt um plott, valdabrölt og framgang sérhagsmunna. Allt er leyfilegt. Tilgangurinn helgar meðalið. Bókin opinberar þessa sýn mjög vel og þess vegna er ákveðinn fengur í henni. Það er áhugavert að fá innsýn inn í heimsmynd sem er svo fjarri þeirri sem blasir við flestum.

Áhugamenn um stjórnmál áttunda og níunda áratugarins fá líka ýmislegt fyrir sinn snúð. Þá er óupptalinn sá hópur sem er sammála Styrmir um hvernig hlutirnir eru og hvernig þeir eiga að vera. Fyrir þann þrönga hóp er þessi bók konfekt. Upphafning ómerkilegra atburða og atvika er þó leiðinlegur og langdreginn löstur á henni. Þá er fyrirmannablætið og aðdáunin á einstökum einstaklingum nánast óþægileg á köflum.

Þórður Snær Júlíusson

NIÐURSTAÐA: Frekar þunn tilraun til að endurskrifa sögu íslenskra stjórnmála þannig að Geir Hallgrímsson sé í aðalhlutverki. Veitir þó áhugaverða innsýn inn í hugarheim höfundar.



Sigurjón Magnússon

Til hamingju,
Einar Már og Sigurjón!

Til hamingju, lesendur,
með frábærar bækur!



Endimörk heimsins eftir Sigurjón Magnússon
og

Örlogaborgin eftir Einar Má Jónsson
eru tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2012



Einar Már Jónsson



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

PRÍÐJUDAGUR 4. DESEMBER

Uppákomur

12.34 Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladaatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins.


21.00 Aðventukvöld Leikhúss listamanna verður haldið í Gamla Bíói (gömlu Íslensku óperunni). Meðal þeirra sem fram koma eru Snorri Ásmundsson, Saga Sigurðardóttir, Raket McMahon og Ragnar Kjartansson.

Tónlist

12.00 Ingveldur Ýr flytur jólalög og aríur á hádegistónleikum í Hafnarborg. Tónleikarnir eru öllum opnir og styrktir af Samfélagssjóði Rio Tinto Alcan.

20.00 Kammerkór Hafnarfjarðar heldur sína árlegu aðventu- og jólatónleika í Hásölum, tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Gestasöngvari er Gissur Páll Gissurarson, tenór. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr. 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



ORMSTUNGA
Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur
sími 561 0055 • www.ormstunga.is

ÁHRIFAMIKIL OG EINLÆG




„Þetta er afar læsileg bók, gríðarlega áhrifamikil og sérlega einlæg . . . Bók sem gleymist ekki svo glatt.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

Að loknum grunnskóla stendur drengurinn Jón á vegamótum og upplifir sig algjörlega utangarðs.

Sjónræninginn er hispurslaus, fyndin og tregafull saga um misjafnlega lukkaða framgöngu hans í lífinu.



**SJÁLFTÆTT FRAMHALD
INDJÁNANS, SKÁLDAÐRAR
ÆVISÖGU JÓNS GNARR**



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



LJÚFFENGT



Gerir gæfumuninn!

Ljúffengt muffins

6 stk

125 g smjör, mjúkt
 ¾ bolli sykur
 2 egg, létt pískuð
 1/3 bolli Cadbury kakó
 1 tsk vanilludropar
 1 bolli hveiti
 2 tsk lyftiduft
 2/3 bolli mjólk

Byrjið á að hræra smjör og sykur saman þar til létt og dúnkennt. Bætið svo eggjum og vanilludropum saman við. Þá er hveitinu og kakóinu bætt út í til skiptis ásamt mjólkinni og að síðustu lyftiduftinu. Setjið í 6 múffu form og bakið í miðjum ofni við 180°C í 20 mínútur, eða þar til múffurnar eru tilbúnar.

Grýla er víst enn þá til

LEIKHÚS ★★★★★

Ævintýrið um Augastein

Höfundur: Felix Bergsson. Leikari: Orri Huginn Ágústsson. Leikstjóri: Kolbrún Halldórsdóttir.

Nú er komið að því enn og aftur að líf íslensku jólasveinanna langt uppi í fjöllum verður að komast til skila. Á hverju ári eru sögur rifjaðar upp og allt þetta óskiljanlega um þvörur og stekki matbúíð til þess að nútímabörnin skilji. Þeir hljóta bráðum að birtast á mjólkurfernunum, alla vega mæta þeir til leiks í Tjarnarbíói þar sem Helga Arnalds hefur formað útlit þeirra meðan Felix Bergsson hefur séð um að blása lífi í hugmyndir þeirra og orð.

Leikhópurinn Á senunni stendur fyrir endursýningu á leikritinu um hann Augastein litla sem með ljúfmennsku sinni tókst að fá jólasveinana til þess að hætta að stríða og hrekkja. Í leikbrúðumhverfi birtist okkur maður sem segir söguna um jólasveinana og kynnir hvern og einn fyrir áhorfendum. Þeir eru veiddir upp úr kistli og síðan komið fyrir víðs vegar á sviðinu. Í upphafi verksins birtist í skuggamynd óhugnanleg þúst, sem smám saman fór að hreyfast og stækka og voru ýmsir áhorfendur af yngstu kynslóðinni vægast sagt skelkaðir og var úr mörgum hornum hrópað á mömmu.

Upphafið lofaði svo sannarlega góðu en svo kom langloka í frásögn sem erfitt var fyrir þau alyngstu að ná sambandi við. Leikarinn Orri Huginn Ágústsson er einkar skýrmæltur og þegar orð hans fengu enduróm í tónlist og kór-söng baksviðs var heldur gaman að hlusta á hann. Samband hans



AUGASTEINN Tekst með ljúfmennsku sinni að fá jólasveinana til að hætta að stríða og hrekkja.

við krumma og umhverfið allt var þó einhvern veginn þannig að margt af ungvíðinu skrúfaði sig í sætum sínum og tók út úr sér brjóstsýkur fremur en að fylgjast algerlega með verkinu. Brúðurnar voru haganlega gerðar en hefðu átt að komast í meira návígi við áhorfendur. Það er hugsanlegt að Tjarnarbíó sé alls ekki með hið ákjósanlega svið fyrir sýningu af þessu tagi. Þegar skuggamyndir birtust aftur og Grýla lét á sér kræla jókst áhuginn aftur.

Sýningin var fallega og smekklega unnin en gervi sögumannsins nokkuð furðulega valið, með tilliti til þess að hér er verið að höfða til

alyngstu áhorfendanna. Raddirnar úr fjarska sem koma úr barka Vox Academica undir stjórn Hákonar Leifssonar lyftu sýningunni og færðu henni þó nokkra dulúð. Þegar sögumaður talaði elti kórinn eins og bergmál og við það myndadist svolítið dularfullur blær. Móðir með dreng var himinlifandi og hafði á orði að þessir eiginlega vondu karlar væru best geymdir svona hangandi uppi á snúru.

Elísabet Brekkan

NIÐURSTAÐA: Verk þar sem hin forna jólastemning skilar sér vel en heldur langdregið á köflum.

Jólasagan þín

Fréttablaðið efnir til verðlaunasamkeppni um bestu frumsömdu jólasöguna.

Verðlaunasagan birtist í Fréttablaðinu á aðfangadag, myndskreytt af Halldóri Baldurssyni teiknara.

Samkeppnin er öllum opin.

Einu skilyrðin eru þau að sagan fjalli um jólin eða fangi anda jólanna með einum eða öðrum hætti. Lengdarmörk eru 1.000 til 1.300 orð en að öðru leyti eru efnistöð frjálst. Sögur skal senda á netfangið jolasaga@frettabladid.is.

Skilafrestur er til 5. desember.

Fyrstu verðlaun eru Intel Pentium-fartölva frá Toshiba.

Verðlaun fyrir annað og þriðja sæti eru spjalddölvur af gerðinni United.

Sigurlaunin eru frá Tölvulistanum.



FRÉTTABLAÐIÐ

TIL HAMINGJU!



AUÐUR AVA ÓLAFSDÓTTIR ER TILNEFND
TIL ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNANNA
FYRIR UN DANTEKNINGUNA

3. SÆTI

Eymundsson metsölulistinn
21.11.12 - 27.11.12
Innbundin skáldverk,
ljóðabækur & hjóðbækur

„Fallega skrifuð,
áhugaverð og skemmti-
leg bók sem fyllsta ástæða
er til að mæla með.“

FRÉTTABLAÐIÐ

NÝ SKÁLDSAGA
EFTIR HÖFUND
METSÖLUBÓKARINNAR
AFLEGGJARINN

ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN

Tilnefning 2012



BJARTUR

AUÐUR AVA ÓLAFSDÓTTIR
UNDANTEKNINGIN
de arte poetica

„Býr yfir sjald-
gæfum töfrum“
LIBÉRATION

GAMAN Á GLÆPAKVÖLDI HIÐ ÍSLENSKA GLÆPAFÉLAG HÉLT VEL HEPPNAÐ GLÆPAKVÖLD



BLEKTINGU Sigurjón Pálsson las upp úr bók sinni Blekkingu á glæpakvöldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



LAS UPP ÚR HÚSINU Glæpa-sagnahöfundurinn Stefán Máni las upp úr nýjstu bók sinni, Húsinu.



INGIBJÖRG OG EDDA Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Edda Benónýsdóttir voru á meðal gesta.



GUÐBJÖRG TÓMASDÓTTIR Hin 83 ára Guðbjörg Tómasdóttir ásamt Svavari Jóhannessyni. Guðbjörg las upp úr nýtkominni bók sinni Morð og missætti.

MILLJÓNIR HORFA Á ÍSLENSK MYNDBÖND

Hlustað hefur verið á lag Sóleyjar, Pretty Face, níu milljón sinnum á Youtube. Næst á eftir koma Of Monsters and Men, Sigur Rós, Gus Gus og Björk.

Ef titill er á nýleg íslensk lög sem hefur verið hlustað á á myndbandasíðunni Youtube er ljóst að Pretty Face með Sóleyju ber höfuð og herðar yfir öll hin. Vinsældir lagsins hafa aukist gróðarlega undanfarna mánuði og núna hefur það verið skoðað yfir níu milljón sinnum, sem hlýtur að teljast frábær auglýsing fyrir Sóleyju. Athyglisvert er að ekki er um eiginlegt myndband að ræða því þarna hljómar einungis lagið sjálft með mynd af Sóleyju. Opinbert myndband við lagið hefur „aðeins“ verið skoðað tæplega eitt hundrað þúsund sinnum.



ÁHORF

9,155,999

FLYTJANDI

SÓLEY – PRETTY FACE Lag af plötunni We Sink sem kom út á vegum þýsku útgáfunnar Morr Music í fyrra.



ÁHORF

3,323,802

FLYTJANDI

GUS GUS – OVER Myndband við lag af nýjstu plötu Gus Gus, Arabian Horse. Leikstjórar: Ellen Loft og Þorbjörn Ingason.



ÁHORF

4,751,081

FLYTJANDI

OF MONSTERS AND MEN – LITTLE TALKS (Í BEINNI Á KEXP) Hljómsveitin vinsæla á stofutónleikum á Iceland Airwaves-hátíðinni 2010 í beinni útsendingu á bandarísku útvarpsstöðinni KEXP.



ÁHORF

752,966

FLYTJANDI

BJÖRK – MUTUAL CORE Björk grafin í sand í myndbandi við lag af Bastards, plötu með endurhljóðblönduðum lögum Biophilia. Leikstjóri: Andrew Thomas Huang.



ÁHORF

3,746,661

FLYTJANDI

SIGUR RÓS – FJÖGUR PÍANÓ Hollywood-leikarinn Shia LaBeouf kemur nakinn fram í myndbandi leikstjórans Alma Har'el. Hluti af tilraunaverkefni Sigur Rósar vegna plötunnar Valtari.



Glæný og fersk nálgun

TÓNLIST ★★★★★

Enter 4

Hjaltalín

SENA



Hljómsveitin Hjaltalín kom með látum inn í íslenskt tónlistarlíf fyrir fimm árum með plötunni Sleepdrunk Seasons. Á henni var indípoppr kryddað með efnispáttum úr sígildri tónlist. Tveimur árum seinna kom platan Terminal sem var rökrétt framhald af fyrri plötunni. Hljómsveitin tók svo daðrið við klassíkina alla leið á tónleikaplötunni með Sinfó, Alpanon, sem kom út fyrir tveimur árum.

Það lá í loftinu að Hjaltalín þyrfti að breyta um sjónarhorn á næstu plötu. Það var svoltið þreyta komin í konseptið, sérstaklega á Alpanon-plötunni. Það er alltaf spennandi þegar hljómsveit hugsar hlutina upp á nýtt, en mönnum tekst auðvitað misvel upp. Högni Hjaltalín-söngvari hefur undanfarnin tvö ár eða svo verið að vinna mikið með hljómsveitinni Gusgus. Það fyrsta sem manni dettur í hug þegar maður hlustar á nýju plötuna er að það samstarf hafi haft áhrif á Hjaltalín. Í nokkrum laganna heyrast raftaktar í bakgrunni. Þessi áhrif eru samt ekki ráðandi á plötunni og maður tekur minna og

minna eftir þeim eftir því sem maður hlustar oftar á hana. Réttara væri að segja að Hjaltalín hafi strípað tónlistina af öllu flúri og byggt svo upp á nýtt ofan á nakta grunnana og það er greinilegt að sveitin hefur opnað á ótal nýja möguleika. Það eru áhrif frá kraut-rokki, teknói, nýbylgju, söngleikjatonlist og sígildri tónlist á plötunni. Núna eru síðastnefndu áhrifin meira í ætt við nýklassík en kammertónlist eins og á fyrri plötunum. Enter 4 er þess vegna skemmtilega tilrauna-kennnd. Hún kraumar af sköpunar-gleði og hljóðheimurinn er sérstaklega flottur. Hún er ólík Sleepdrunk Seasons og Terminal hvað útsetningar varðar. Þau gæði sem ein-kenndu lagasmíðarnar á fyrri plötunum eru enn til staðar á Enter 4 og söngvararnir Högni og Sigga hafa aldrei sungið betur.

Enter 4 er frábær plata, sannkallað meistaraverk. Hún þarf nokkrar umferðir í spilaranum til þess að maður nái henni til fulls, en eftir það er erfitt að koma henni úr tækinu. Umgjörð plötunnar er líka flott, umslagið undirstrikar ferskt innihaldið.

Trausti Júlíusson

NIÐURSTAÐA: Hjaltalín hugsar hlutina upp á nýtt á frábærri plötu.



Nýttu tækifærið

Kauptu nýlegan bíl fyrir 15. des. á sérstöku verði

Hagstæð fjármögnun hjá Ergo
Settu gamla bílinn uppí sem útborgun

ergo

Lengri lánstími: Allt að 84 mánuðir

Minni útborgun: Aðeins 20%

Dæmi um úrvalið sem er í boði:



Tilboðsverð
3.090.000 kr.

Ford Mondeo Trend skrd. 5/2011
2,0 dísil, sjálfskiptur
OET04. Ekinn 59.000 km.
Verð áður 3.390.000 kr.
Afláttur 300.000 kr.



Tilboðsverð
3.990.000 kr.

Ford Kuga Trend AWD skrd. 5/2011
2,0 dísil, sjálfskiptur
JFG24. Ekinn 53.000 km.
Verð áður 4.470.000 kr.
Afláttur 480.000 kr.



Tilboðsverð
2.190.000 kr.

Ford Focus Trend skrd. 6/2011
1,6 bensín, beinskiptur
ZUB23. Ekinn 58.000 km.
Verð áður 2.450.000 kr.
Afláttur 260.000 kr.



Tilboðsverð
1.750.000 kr.

Ford Fiesta Trend skrd. 5/2011
1,4 bensín, sjálfskiptur
AHX63. Ekinn 61.000 km.
Verð áður 1.970.000 kr.
Afláttur 220.000 kr.



Tilboðsverð
2.690.000 kr.

Mazda 3 Advance skrd. 4/2012
1,6 bensín, beinskiptur
RLX15. Ekinn 24.000 km.



Tilboðsverð
1.890.000 kr.

Citroën C3 SX skrd. 6/2011
1,6 dísil, beinskiptur
EZE75. Ekinn 50.000 km.
Verð áður 2.080.000 kr.
Afláttur 190.000 kr.

ergo

Lengri lánstími og minni útborgun hjá Ergo
Komdu í Brimborg - opið í dag 9-17

Skoðaðu fleiri dæmi á notadir.brimborg.is

Brimborg sér um söluna fyrir Thrifty bílaleigu
3 sýningarsvæði Brimborgar Bíldshöfða 6 og 8, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri
Sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

Thrifty
Bílaleiga

SAMBIÓN Sambio.is

MAGNADUR BRILLER FRÁ LEIKSTJÓRA
FAST AND THE FURIOUS

ÞEYTA ILLMENNIN ÞESSA ÁRS
- MATTHEW FOX
- PETE HAMMOND - BOX OFFICE

80/100 VARIETY

LOKAMYNDIN Í EINNI STÆRSTU KVIKMYNDASERÍU ALLRA TÍMA

breaking dawn

ALVÖRU HRÖLLVEKJA
BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM*

“ALVÖRU HRÖLLVEKJA”
★★★★★
WIREST BEET DRUGS DUN TIMES

“BESTA ILLMENNIN ÞESSA ÁRS”
- MATTHEW FOX
- PETE HAMMOND - BOX OFFICE

DON'T EVER CROSS ALEX CROSS
ALEX CROSS

HERE COMES THE BOOM

POSSESSION

ARGO

SKYFALL

WRECK-IT RALPH

WRECK-IT RALPH

ARGO

HOPE SPRINGS

AKUREYRI

ALFABAKKA

ALEX CROSS KL. 5:40 - 8 - 10:20
ALEX CROSS VIP KL. 5:50 - 8 - 10:20
POSSESSION KL. 8 - 10:10
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 KL. 5:30 - 8 - 10:30
WRECK IT RALPH KL. 5:50
WRECK IT RALPH KL. 10:20
ARGO KL. 5:30 - 8 - 10:30
HOPE SPRINGS KL. 5:50 - 8

EGILSHÖLL

ALEX CROSS KL. 5:40 - 8 - 10:20
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 KL. 5:30 - 8
HERE COMES BOOM 5:40 - 8 - 10:20
ARGO KL. 10:20
CLOUD ATLAS KL. 8
WRECK-IT RALPH KL. 5:50
KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI
ALEX CROSS KL. 8 - 10:20
POSSESSION KL. 11
TWILIGHT KL. 5:30 - 8
SKYFALL KL. 5 - 8 - 10:20
WRECK IT RALPH KL. 5:50
KEFLAVÍK
ALEX CROSS KL. 8
THE POSSESSION KL. 10:10
PITCH PERFECT KL. 8
KILLING THEM SOFTLY KL. 10:20
WRECK-IT RALPH KL. 5:50
BRAVE KL. 6

PRÍÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG



Black Ops II skýtur sér leið á toppinn

TÖLVULEIKIR ★★★★★

Call of Duty: Black Ops II

ACTIVISION

Call of Duty: Black Ops II er nýjasti leikurinn í hinni geysivinsælu leikjaseríu Call of Duty. Í þessum fyrstu persónu skotleik er farið yfir sögu feðganna Alex og Davids Mason sem berjast gegn hinum illræmda Raul Menendez. Höfundur sögunnar er David S. Goyer, sem er líklega hvað þekktastur fyrir að hafa verið einn af söguhöfundum þrífleiksins um Leðurblókumanninn sem Christopher Nolan leikstýrði, en saga leiksins er mjög grípandi og nær Goyer að tvinna saman hasar og drama á stórgóðan hátt.

Leikurinn er fullur af hasar sem á margt sameiginlegt með stóru Hollywood hasar- og stríðsmyndunum þar sem sjaldan líður langt á milli sprenginga. Það tekur í kringum sex til sjö klukkutíma að spila söguþráð leiksins, sem er ansi algeng lengd í fyrstu persónu skotleikjum í dag, en sagan hefur fleiri en einn endi sem tengjast því hvaða ákvarðanir spilarinn tekur í leiknum. Þetta gefur leiknum aukði gildi og er auðveldlega hægt að hugsa sér að spila söguþráð leiksins oftar en einu sinni.

Call of Duty leikirnir eru hannaðir með meginstrauminn í huga og því auðvelt að læra á leikinn og lítið um nýjungar. Aftur á móti býður spilunin upp á vissa fjölbreytni þar sem spilarinn spilar

annars vegar sem Alex Mason í kalda stríðinu á níunda áratugnum og hins vegar sem sonur hans, David, í köldu stríði milli Bandaríkjanna og Kína árið 2025. Spilarinn fær því að kynnast eldri vopnum, farartækjum og óvinum og um leið hervélum og öðrum nýjungum úr framtíðinni.

Fjölspilun leiksins er nokkuð hefðbundin en býður þó upp á fleiri möguleika en áður. Leikurinn býður einnig upp á uppvakninga möguleika þar sem spilarinn þarf að verjast uppvakningum í einu og öllu.

Bjarki Þór Jónsson

NIÐURSTAÐA: Virkilega vel gerður og spennandi fyrstu persónu skotleikur sem heldur spilaranum föngnum allt frá fyrstu mínútu.

Ásgeir Trausti og Retro tilnefnd

Tvær íslenskar plötur eru tilnefndar til Norrænu tónlistarverðlaunanna.

Plötur Ásgeirs Trausta og Retro Stefson hafa verið tilnefndar til Norrænu tónlistarverðlaunanna.

Alls voru tíu aðrar plötur tilnefndar, þar á meðal með Neneh Cherry & The Thing frá Svíþjóð, Choir Of Young Believers frá Danmörku, Pää Kii frá Finnlandi og Susanne Sundfør frá Noregi.

Alþjóðleg dómnefnd mun útfelna sigurvegarann. Í dómnefndinni eru Andres Lokko, blaðamaður frá Svíþjóð, Laurence Bell frá Domino Records í Bretlandi, Mike Pickering frá Columbia Records í Bretlandi, Jonathan Galkin frá DFA Records í Bandaríkjunum og Jeanette Lee, annar eigenda útgáfunnar Rough Trade.

Tíu íslenskar plötur voru upphaflega tilnefndar en aðeins Ásgeir Trausti og Retro Stefson hlutu náð fyrir augum norrænu dómnefndarinnar. Þær sem komust ekki í lokaúrtakið voru frá Moses Hightower, Tilbury, Sigur Rós, Pétri Ben, Ghostigital, Jónasi Sigurðssyni, Ojba Rasta og Skúla Sverrissyni og Óskari Guðjónssyni. Tilkynnt verður um sigurvegarann 14. febrúar á meðan á bransahátíðinni by:Larm stendur í Noregi. Jónsi hlaut verðlaunin fyrst þegar þau voru afhent árið 2010 en í fyrra bar Svinn Goran Kajfeš sigur úr bítum.



TILNEFNDUR Ásgeir Trausti hefur verið tilnefndur til norrænu tónlistarverðlaunanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%
KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10.15 16
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.20 - 8 - 10.40 16
HERE COMES THE BOOM KL. 5.40 - 8 - 10.20 7
NIKO 2 KL. 4 - 6 L
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI KL. 3.30 7
SKYFALL KL. 5 - 8 12
SKYFALL LÚXUS KL. 5 - 8 12

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS 5%
ARFUR NÓBELS KL. 5.50 - 8 - 10.10 16
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.20 - 8 16
SNABBA CASH 2 KL. 10.40 16
CLOUD ATLAS KL. 5.30 - 8 - 9 16
DJÚPIÐ KL. 5.50 10

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS
KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10 16
HERE COMES THE BOOM KL. 8 7
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.40 - 10 12
SKYFALL KL. 5.20 12

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

mid.is LAUGARÁS BÍÓ 5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
KILLING THEM SOFTLY 8, 10 16
NIKO 2 6 L
SKYFALL 6, 9 L
PITCH PERFECT 8, 10, 15 L
WRECK-IT RALPH 3D 5, 40 L



Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói

Príðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16.
www.kvikmyndasafn.is

SAGA BORGARÆTTARINNAR Viðgerð og endurhljóðsett

1. hluti: Ormarr Örtlygsson og Danska frúin á Hofi (Príðjudagar)
2. hluti: Gestur eineygði og Örn hinn ungi (Laugardagar)

Minningin um fyrstu bíómyndina sem tekin var á Íslandi hefur lifað með þjóðinni í meir en 90 ár. Taka hennar árið 1919 vakti feikna athygli og spennan í kringum frumsýninguna í ársbyrjun 1921 var gríðarleg.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÓÐVAR ÍSLANDS ■ Miðsala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvk ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

PRÍÐJUDAGUR: ARFUR NÓBELS (16) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 22:00 ■ JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 18:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00

BÍÓ PARADÍS KLUBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!



Panasonic

Panasonic TXP65ST50Y

65" Full HD 3D 1080p NeoPlasma sjónvarp með Vreal 3D, High Contrast Filter, 2000Hz Focused Field Drive, Intelligent Frame Creation PRO, 2D-3D breytir, Infinite Black Pro skerpa, Pro 24p Smooth Film/Play Back, VIERA CONNECT og opinn netvafri. Skype möguleiki. Wi-Fi þráðlaus sendir. Stafrænn háskerpu HDTV DVB-T/T2 móttakari. iPhone/Android App. 2x USB, 3x HDMI, CI rauf, DNLA, kortalesari o.fl.

VERÐ ▶ **749.990**

42"

Panasonic TXP42ST50Y
VERÐ 219.990

50"

Panasonic TXP50ST50Y
VERÐ 299.990

Góðar gjafir og Gleðileg Jól

INTENSO MYNDARAMMAR



MARGAR STÆRÐIR
UPPLAUSN 800x400

FRÁ ▶ **12.990**



OLYMPUS

Olympus VG170

Myndavél með 14 milljónir punkta upplausn, 5x Optical og 4x Digital Zoom, 4.7 - 23,5mm linsa, 3" LCD skjár, Face Detection, iESP Auto, Spot AF, Face Detection AF, AF Tracking, Auto Exposure og 3D myndataka. HD vídeó upptaka. Sendir myndir þráðlaust í tölvu/síma. SD kortarauf, 49 MB minni. Hleðslurafhlaða.

VERÐ ▶ **19.990**



JVC

JVC GZE10

Háskerpu stafræn tókuvél með 2,7" LCD skjá, CMOS upptökufloðu, 2.9-116.0 linsu með A.I.S. hristivörn og MPEG4/H.264 upptöku, 40x optical aðdráttur og 200x stafrænn aðdráttur. Innbyggður hljóðnemi.

VERÐ ▶ **49.990**



JBL

Bluetooth

JBL ONBEATVENUEBLACK

Margmiðlunarhátalalari með iPad/iPod/iPhone vögg. 2 x 15W magnari, 2 öflugir hátalalarar. Bluetooth þráðlaus tenging með HARMAN TrueStream. 3.5mm jack tengi AUX.

VERÐ ▶ **39.990**



JVC

JVC UXG395

60w RMS mikrósamstæða með CD spilara og USB tengi. Magnari með Sound Turbo, RDS útvarp með 32 minnum. Klukka, USB 2.0, Aux inn. Heymartólstengi.

VERÐ ▶ **39.990**



Panasonic

Panasonic SCBT290

1000w5.1 3D Blu-ray Disc heimabíókerfi með iPod/iPhone vögg. 2D-3D breytir, 7.1 Virtual Sound Effect, 1080p@24fps, P4HD, DTS-HD, Dolby TrueHD & Dolby Digital Plus. USB og SD/SDHC/SDXC kortalesari.

VERÐ ▶ **99.990**

DVB-T

USB

HDMI



FINLUX

Finlux 32FLX905U

Einfalt en vandað 32" Finlux sjónvarp með stafrænum DVBT móttakara, USB tengi og innbyggðum margmiðlunarspilara.

VERÐ ▶ **69.990**

SJÓNAUKAR Í MIKLU ÚRVALI



HEIMABÍÓSKJÁVARPAR

VERÐ FRÁ 139.990

EPSON

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



Hvað gerir Man. City?

→ Leikirnir í kvöld

A-riðill
PSG - Porto
Sport 4
Din. Zag. - Dyn. Kiev

B-riðill
Olympiacos - Arsenal
Sport 3
Montp. - Schalke

C-riðill
Malaga - Anderlecht
AC Milan - Zenit

D-riðill
Dortm. - Man. City
Sport & HD
Real Madrid - Ajax

FÓTBOLTI Englandsmeistarar Manchester City freista þess að tryggja sér sæti í Evrópudeildinni þegar lokaumferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld. City sækir Þýsklandsmeistara Dortmund heim í D-riðli en í hinum leiknum sækir Ajax Real Madrid heim. Ekkert nema sigur dugur City til þess að næla í þriðja sætið sem gefur þátttökurétt í úrslitakeppni Evrópudeildarinnar. Takist Ajax hið ómögulega, að sigra Real Madrid á Spáni, er þriðja sætið þó Hollendinganna.



Sæti í Evrópudeildinni yrðu sárabætur fyrir lærisveina Roberto Mancini en annað árið í röð kemst City ekki upp úr riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. „Meistaradeildin er alltaf erfið en við fengum erfiðari riðil í ár en í fyrra,“ sagði Mancini en erfitt er að mót-mæla því að D-riðillinn hafi verið sá sterkasti.

- kt



EINBEITT Línumaðurinn Anna Úrsúla Guðmundsdóttir hefur hrist af sér þungt höfuðhögg í leiknum gegn Tékkum á föstudag og brotin tönn truflar hana ekki heldur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pottþétt í hefndarhug

Íslenska kvennalandsliðið mætir silfurliði Svartfjallalands í kvöld í fyrsta leik sínum á Evrópumótinu í Serbíu. Fyrir ári unnu stelpurnar okkar eftirminnilegan sigur á Svartfellingum á HM í Brasilíu sem mæta nú örugglega í hefndarhug.

HANDBOLTI Það hefur mikið breyst frá því að stelpurnar í handbolta-landsliðinu stigu sín fyrstu spor á Evrópumeistaramótinu fyrir tveimur árum. Nú tveimur árum og tveimur stórmótum síðar eru stelpurnar mættar reynslunni rikari til Serbíu þar sem bíður þeirra að glíma við þrjár sterkar austantjaldsþjóðir á EM í handbolta. „Þetta er þriðja árið í röð þar sem við erum að fara á stórmót og við erum búnar að spila marga leiki saman. Við höfum reynslu og það getur hjálpað okkur helling. Að sama skapi vitum við að við erum litla liðið í þessum riðli og við þurfum að eiga toppleik á móti þessum þjóðum,“ sagði Rakel Dögg Bragadóttir.

Fyrsti leikurinn er í kvöld á móti Svartfjallalandi, silfurliði á Ólympíuleikunum í London. Okkar stelpur vita hins vegar hvernig á að vinna þær því íslenska liðið vann 22-21 sigur á Svartfjallalandi á HM í Brasilíu í fyrra.

„Ég held að þær hafi verið virkilega svekktar eftir leikinn í Brasilíu og þær hafa örugglega bara orðið hissa á úrslitunum. Þær ætla sér örugglega að koma í veg fyrir svoliðis niðurlægingu aftur. Við þurfum bara að vera enn þá einbeittari og enn þá beittari í okkar aðgerðum til þess að vinna þær,“ segir Rakel.

„Þær eru pottþétt í hefndarhug en það er bara gaman því það eru skemmtilegustu leikirnir þegar



BROSMLDAR Rut Jónsdóttir, Dagný Skúladóttir og Karen Knútsdóttir fara yfir málin við upphitun í gær.

hvorugt liðið er fyrir fram talið eiga að vinna leikinn. Við teljum það vera þannig á morgun og því snýst þetta bara um hvort liðið vill þetta meira,“ sagði Anna Úrsúla Guðmundsdóttir og Hrafnhildur Skúladóttir fyrirliði tekur undir þetta.

„Við viljum bara vinna aftur, vitum að við getum það og vitum hvað þarf til. Nú er bara að ná okkar allra, allra besta varnarleik og skila okkur til baka. Þá eru okkur allir vegir færir. Það skiptir rosalega miklu máli að byrja vel, bara upp á sjálfstraustið og annað. Við fundum það á HM þegar við byrjuðum rosalega vel og stemningin var eftir því,“ segir Hrafnhildur.

„Við erum flestar búnar að upplifa svona stórmót áður þannig að þetta er ekkert nýtt fyrir okkur.

Við ættum að ráða við spennustigið núna. Við erum með gott og flott lið og ætlum okkur stóra hluti. Við ætlum að koma á óvart en svo verður bara að koma í ljós hvernig þetta á eftir að þróast. Það eru miklar væntingar eftir að okkur gekk svona vel í Brasilíu en við ætlum að standa undir þeim og koma á óvart,“ sagði Stella Sigurðardóttir, markahæsti leikmaður liðsins á árinu.

Íslensku stelpurnar voru búnar að hrista af sér meiðsli og veikindi í gær og ættu allar að vera tilbúnar á stóra sviðið í kvöld.

Óskar Ó. Jónsson
skrifar frá Serbíu
ooj@frettabladid.is



Aðalfundur

Golfklúbbsins Odds (GO)

verður haldinn í golfskálanum Urriðavelli þriðjudaginn 29. nóvember nk. kl. 20.00

Dagskrá:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir liðsins starfsárs
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar
- Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt
- Umræður og atkvæðagreiðslur um tillögur og lagabreytingar löglega fram bornar
- Kosning stjórnar- og varamanna í stjórn
- Kosning tveggja endurskoðanda og eins til vara
- Önnur mál

Félagar eru hvattir til að mæta



Aðalfundur Golfklúbbsins Keilis 2012

verður haldinn mánudaginn 10. desember nk.
í Golfskála Keilis

Fundurinn hefst stundvíslega kl. 19:30

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis
4. Stjórnarkosning
5. Kosning endurskoðanda
6. Kosning fulltrúa og varafulltrúa í samtök, sem Keilir er aðili að
7. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2013
8. Önnur mál

Stjórn Golfklúbbsins Keilis

SCHMIDT
snjótennur



- sala
- varahlutir
- þjónusta

AFLVÉLAR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

Skíthræddar alla leið

Rútubílstjóri íslenska liðsins bandbrjálaður.

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið kom með látum inn á hótelið sitt í Vrsac í gær eða réttara sagt þá strandaði rútan fyrir framan innganginn. Stelpurnar tóku þessu létt og voru komnar með myndavélarnar fljótt á loft enda fáar rútuferðir sem fá slíkan endi.

„Við vorum alveg skíthræddar alla leiðina enda alveg bandbrjálaður rútubílstjóri. Ég sá alveg í hvað stefndi þegar hann var að keyra upp brekkuna og ég hélt um tíma að við værum á leiðinni inn í anddyrið á hótelinu. Þetta var eitt af því furðulegra sem ég hef séð,“ sagði Rakel Dögg Bragadóttir og rútubílstjórinn var búinn að vera skrautlegur alla ferðina.

„Við vorum búnar að vera með þennan bílstjóra í dag og í gær. Keyrslan var ekki upp á það besta og við vorum eiginlega alveg skíthræddar. Það hlaut að koma að einhverju svona. Þetta var bara



REYNSLUMIKIL Hrafnhildur Skúladóttir er reynslumesti leikmaður liðsins.

gaman og fyndið,“ sagði Stella Sigurðardóttir. Stelpurnar voru um tíma inni í bílnum eftir að hann strandaði.

„Ég varð svo vandræðaleg að ég faldi mig á milli farþegasæta. Þetta var ævintýri og það kom sem betur fer ekkert fyrir,“ sagði Anna Úrsúla en vorkenndi aumingja bílstjóranum sem hefði líklega fallið á meiraprófinu í gær.

- 66j

Tilvalin jólagjöf



32%
fyrir

**FYRIR ALLA STRÁKA
MOOSEHEAD HÁRMÓTUNARVÖRUR**

Fyrir stráka sem vilja hafa hausinn í lagi



30%
afsláttur

**FYRIR BÆÐI KYN
OXY GJAFASETT**

Andlitskrem og andlitssápa



20%
afsláttur

**FYRIR KONUNA
EYETUCK**

Augnkrem sem dregur úr þröta



30%
afsláttur

**FYRIR HANA
XEN-TAN GULLKREM MEÐ LIT**

Krem sem gefur húðinni mildan lit og gyllta áferð samtundis



**FYRIR DÖMUR Á ÖLLUM ALDRI
BURT'S BEES GJAFASETT**

Body lotion og varanæring með lit

NÁTTURULEGT OG ÁN-PARABENA



**FYRIR DÖMUR Á ÖLLUM ALDRI
BURT'S BEES GJAFASETT**

Sturtusápa og Body lotion

NOTALEGT Í FROSTINU



**FYRIR DÖMUR Á ÖLLUM ALDRI
BURT'S BEES GJAFASETT**

Varasalvi og naglabandasalvi

DEKUR YFIR JÓLIN



**FYRIR DÖMUR Á ÖLLUM ALDRI
BURT'S BEES GJAFASETT**

Líkamsskrúbbur og Body butter



**FYRIR DÖMUR Á ÖLLUM ALDRI
BURT'S BEES GJAFASETT**

Varasalvi, body lotion og naglabandasalvi

Stöð 2 kl. 20.40 How I Met Your Mother

Sjöunda þáttaröð gamanserfunnar How I Met Your Mother hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Við tökum upp þráðinn þar sem frá var horfið í lok sjöttu þáttaraðar. Barney er að fara að gifta sig en vinirnir eru ekki alveg sannfærðir um að hann sé að taka rétta ákvörðun.



Í KVÖLD



Secret Diary of a Call Girl

SKJÁR 1 KL. 22.45 Lokabáttur seríunnar í þessari ógrandi gamanþáttaröð. Hin unga Hannah lifir tvöföldu lífi, annars vegar sem hún sjálf og hins vegar sem Belle de Jour, starfsmaður í kynlífsiðnaðinum. Þættirnir eru byggðir á dagbók fylgdarkonu frá London og það er Billie Piper sem fer með aðalhlutverk. **TV.COM** 7,2 **IMDb** 7,0



Ísland - Svartfjallaland

RÚV KL. 16.55 Bein útsending frá leik á milli stelpnanna okkar og þeirra frá Svartfjallalandi á EM kvenna. Ísland er í D-riðli á mótinu ásamt Svartfjallalandi, Rúmeníu og Rússlandi. Þetta er fyrsti leikur okkar í mótinu sem fer fram í Serbíu þessa dagana.

ÞJÁLFARI ÍSLENSKU stelpnanna er Ágúst Þór Jóhannsson.



Ultimate Avengers 2

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 17.30 Teiknimynd sem er byggð á metsöluteiknimyndablöðunum frá Marvel. Þegar vöndar geimverur gera innrás í hið duldarfulla ríki Wakanda í Afríku er kallað eftir aðstoð Ofurhetjuhópsins, Kapteins Ameríku, Járnmannsins, Pórs, Risans, Vespunnar, Svörtu ekkjunnar og Hulks hins ógurlega.

Þáttur 55% (A) **IMDb** 6,8

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.40** Veðurfregni **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunskund með **KK 08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregni **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.05** Hádegisútsvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.42** Veðurfregni **113.00** Fyrir og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr minningablöðum **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Trío **17.00** Fréttir **17.03** Viðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregni **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregni **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútsvarp Rásar 1

RÚV

- 14.15** Íslenski boltinn (e)
- 15.00** Ástareldur (Sturm der Liebe) Þýsk þáttaröð um ástir og afbrýði eigenda og starfsfólks á Hótel Fürstehof.
- 15.50** Jóladaatalið
- 15.51** Hvar er Völundur?
- 15.56** Jól í Snædal
- 16.22** Vöfluhjarta (3:7)
- 16.45** Táknafréttir
- 16.55** EM í handbolta (Ísland - Svartfjallaland) BEINT
- 19.00** Fréttir
- 19.30** Veðurfréttir
- 19.35** Kastljós
- 20.10** Íþróttarátt 2012 í þáttunum er farið yfir helstu íþróttarafrek Íslendinga á árinu 2012.
- 20.45** Djöflaeyjan Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upp-lýsandi og gagnrýnum hætti. Einnig verður farið yfir feril einstakra listamanna.
- 21.25** Sönn ást (4:5) (True Love) Bresk þáttaröð. Í fimma laustengdum þáttum er sagt frá því hvaða mynd ástín getur tekið á sig í nútímanum.
- 22.00** Tíufréttir
- 22.15** Veðurfréttir
- 22.25** Njósnaeildin (6:6) (Spooks X) Breskur sakamálaþráttur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.20** Sönnunargögn (10:16) (Body of Proof II) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.05** Kastljós (e)
- 00.35** Fréttir
- 00.45** Dagskrárlok

BÍÓ

- 11.25** The Last Mimzy
- 13.00** Ultimate Avengers 2
- 14.15** Adam
- 15.55** The Last Mimzy
- 17.30** Ultimate Avengers 2
- 18.45** Adam
- 20.25** King of California
- 22.00** The Wolfman
- 23.45** The Mist
- 01.50** King of California
- 03.25** The Wolfman

STÖÐ 2

- 07.05** Barnatími Stöðvar 2
- 08.10** Malcolm in the Middle (4:22)
- 08.35** Ellen (53:170)
- 09.20** Bold and the Beautiful
- 09.40** The Wonder Years (5:22)
- 10.05** Doctors (36:175)
- 10.45** How I Met Your Mother (18:24)
- 11.10** Fairly Legal (1:13)
- 11.50** The Mentalist (12:24)
- 12.35** Nágrannar
- 13.00** American Idol (22:39) (23:39)
- 15.00** Sjáðu
- 15.25** iCarly (26:45)
- 15.50** Barnatími Stöðvar 2
- 16.35** Bold and the Beautiful
- 17.00** Nágrannar
- 17.25** Ellen (54:170)
- 18.10** Jóladaatali Skoppu og Skríttlu (4:24)
- 18.23** Veður
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.47** Íþróttir
- 18.54** Ísland í dag
- 19.16** Veður
- 19.25** The Big Bang Theory (5:23)
- 19.50** Modern Family (20:24)
- 20.15** Modern Family (2:22)
- 20.40** How I Met Your Mother (1:24)
- 21.05** Chuck (8:13) Chuck Bartowski er mættur í fimmta sinn í hörkuskemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd þar til hann opnaði tölvupóst sem mætaði hann á hættulegustu leyndarmálum CIA.
- 21.55** Burn Notice (6:18) Fimmta þáttaröð um njósnaarann Michael Westen sem var settur á brunalistann hjá CIA og nýtur því ekki lengur yfirvalda.
- 22.45** The Daily Show: Global Edition (39:41)
- 23.15** New Girl (6:22)
- 23.40** Up All Night (18:24)
- 00.05** Drop Dead Diva (7:13)
- 00.50** Touch (6:12)
- 01.35** American Horror Story (4:12)
- 02.20** Bottoms Up
- 03.45** The Mentalist (12:24)
- 04.30** Modern Family (2:22)
- 04.55** Chuck (8:13)
- 05.40** Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 16.35** Meistaradeild Evrópu í handbolta: Kiel - Atl. Madrid
- 18.00** Meistaradeildin í handbolta: markabáttur
- 18.30** Meistarad. Evrópu: fréttabáttur
- 19.00** Þorsteinn J. og gestir: upphitun
- 19.30** Meistaradeild Evrópu: Dortmund - Man. City BEINT
- 21.45** Þorsteinn J. og gestir: meistararmörkin
- 22.30** Meistaradeild Evrópu: Olympiacos - Arsenal BEINT
- 00.20** Meistaradeild Evrópu: Paris St. Germain - Porto BEINT
- 02.10** Þorsteinn J. og gestir: meistararmörkin

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00** Newcastle - Wigan
- 14.45** Arsenal - Swansea
- 16.25** West Ham - Chelsea
- 18.05** Premier League Review Show 2012/13 Sýndar svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
- 19.00** Norwich - Sunderland
- 20.40** Newcastle - Wigan
- 22.20** Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltsans.
- 22.50** Sunnudagsmessan
- 00.05** Man. City - Everton

krakkar

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
- 08.00** Könnuðurinn Dóra
- 08.25** Doddi litli og Eyrnastór
- 08.35** UKI
- 08.45** Strumpanir
- 09.05** Brunabíllarnir
- 09.25** Ofurhundurinn Krypto
- 09.50** Ævintýri Tinna
- 10.10** Histeria!
- 10.35** Búbarnir (14:21)
- 11.00** Stöð 2 Krakkar - barnatími
- 16.50** Villingarnir
- 17.15** Tricky TV (9:23)
- 17.40** Krakkarinn í næsta húsi

POP TV

- 17.00** Simpson-fjölskyldan (1:22)
- 17.25** Íslenski listinn
- 17.50** Gossip Girl (13:18)
- 18.35** Game Tívi Frábær og fræðandi þáttur sem fjallar um allt það nýjasta úr tækni- og tölvuleikjaheiminum.
- 19.00** Friends (1:24) Áttunda þáttaröðin um vinsælustu vini í heimi. Monica og Chandler hafa fest ráð sitt og nú er að sjá hvort einhverjir fleiri í vinahópnum fylgi forðæmi þeirra.
- 19.50** How I Met Your Mother (4:20) Í þessari þriðju seríu af gamanþáttunum How I Met Your Mother fáum við að kynnast enn betur vininum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í raun er.
- 20.15** The Secret Circle (16:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
- 20.55** The Vampire Diaries (16:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampír og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki jafn friðsæll.
- 21.40** Game Tívi
- 22.05** The Secret Circle (16:22)
- 22.45** The Vampire Diaries (16:22)
- 23.30** Game Tívi
- 23.55** Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

GULL

- 18.05** Doctors (83:175)
- 18.50** Jóladaatali Skoppu og Skríttlu (4:24)
- 19.00** Ellen (8:170)
- 19.40** Mr. Bean
- 20.10** The Office (1:6)
- 20.45** Gavin and Stacy (1:7)
- 21.15** Spaugstofan
- 21.40** Mr. Bean
- 22.10** The Office (1:6)
- 22.45** Gavin and Stacy (1:7)
- 23.15** Spaugstofan
- 23.40** Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

SKJÁREINN

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
- 08.00** Rachael Ray (e)
- 08.45** Dr. Phil (e)
- 09.25** Pepsi MAX tónlist
- 16.25** Kitchen Nightmares (8:17) (e)
- 17.15** Rachael Ray
- 18.00** Dr. Phil
- 18.40** 30 Rock (15:22) (e)
- 19.05** America's Funniest Home Videos (36:48) (e)
- 19.30** Everybody Loves Raymond (12:26) (e)
- 19.55** Will & Grace (13:24) (e)
- 20.20** Necessary Roughness (2:16) Bráðskemmtilegur þáttur um sálfræðinginn Danielle sem naut vinsælda á Skjá-Einum á síðasta ári. Undarlegur óþefur verður til þess að keppandi á hjólaskautum fellur í yfirlíð og leitar á náðir Dani.
- 21.10** The Good Wife (4:22) Góða eiginkonan Alicia snýr aftur í fjórðu þáttaröðinni af The Good Wife. Þættirnir hafa hlotið fjölda verðlauna og njóta vinsælda meðal áhorfenda. Foreldrar sem misstu barnið sitt kæra grunnskóla fyrir að vera valdur að dauða þess.
- 22.00** In Plain Sight (11:13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hina hörkulegu Mary og stórf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina. Mary lendir í deilum við lögfræðing þegar hún reynir að halda hlífiskildi yfir fyrirverandi hermanni.
- 22.45** Secret Diary of a Call Girl (8:8)
- 23.10** Sönn íslensk sakamála (6:8) (e)
- 23.40** Bedlam (6:6) (e)
- 00.30** The Good Wife (4:22) (e)
- 01.20** In Plain Sight (11:13) (e)
- 02.05** Everybody Loves Raymond (12:26) (e)
- 02.30** Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00** ESPN America **08.30** World Challenge **2012 (1:4)** **11.30** Golfing World **12.20** Golfing World **13.10** World Challenge **2012 (2:4)** **16.10** Presidents Cup Official Film **2011 (1:1)** **17.00** Ryder Cup Official Film **2008** **18.15** Golfing World **19.05** The Memorial Tournament **2012 (3:4)** **22.00** Golfing World **22.50** US Open **2000** - Official Film **23.50** ESPN America

INN

- 20.00** Hrafnabing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun



www.lyfja.is

Kannski er jólagjöfin í Lyfju



Jólin eru tími til að gefa.

Í Lyfju finnur þú úrval af gjafavörum í pakkana til þeirra sem þér þykir vænt um. Við erum aldrei langt undan.

Mundu eftir jólahandbók Lyfju.

Verstun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið í des.:
virka daga
9.30–18
helgar
12–17

HARÐIR PAKKAR!

Konfekt fyrir
augu og eyru!



LG Smart

DivX HD

2D

CINEMA 3D

LED

Full HD
1080P



Verð áður:

319.995

Jólatilboð:

219.995

42" LG LED Full HD

- Full HD 1920x1080p LED
- Home Dashboard valmynd
- TruMotion 400Hz MCI
- Cinema 3D
- SmartTV
- DLNA tenging
- USB 2.0 afspilun DivX HD
- S2 gervihnattamóttakari

Full búð
af frábærum
jóla-
tilboðum

Hataekni

Yamaha steríóhátalarar

87.995

Frábærir gólfhátalarar sem skila frábærum
hljómgæðum bæði sem steríóhátalarar eða
heimabíóhátalarar.

Yamaha Front Surround

89.995

YAS201 er nýjasti soundbarinn frá Yamaha.
Engar flækjur því hann kemur með þráðlausu
bassaboxi.

Hataekni

BÓKIN



„Ég er að lesa fjórar bækur um þessar mundir. Sú fyrsta heitir *Thinking, Fast and Slow* eftir Daniel Kahneman og er blanda af hagfræði og sálfræði. Önnur er reyfarinn *The Racketeer* og er eftir John Grisham. Þriðja heitir Íslenskir kóngar eftir Einar Mátí Guðmundsson og loks er mjög merkileg bók sem kallast *State of deception: The power of Nazi propaganda*.“

Ari Matthíasson framkv. stjóri Þjóðleikhússins.

Vesturport leitar að persneskum teppum

Eru orðin uppiskroppa með teppi fyrir leikmynd Hamskipta, sem fer á heljarinnar túr eftir áramótin.

„Mig vantar aðallega ábendingar um hvar þessi persnesku teppi er að finna, ég er að verða uppiskroppa með hugmyndir,“ segir Rákel Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturports. Leikhópurinn auglýsir eftir persneskum teppum fyrir leikmynd Hamskipta.

Hamskipti eru á leiðinni á heljarinnar flakk vestanhafs og til London eftir áramót. Þess vegna vantar sex stór teppi. Teppin skipa stóran sess í leikmyndinni þar sem þau þekja allt gólfíð í íbúð fjölskyldunnar í verkinu. Þau mega vera bæði götött og slitin að sögn Rákelar. „Þetta er í þriðja sinn sem við gerum leikmynd fyrir Hamskipti og þess vegna vantar mig núna ábendingar um hvort einhver lumi

á þessum teppum inni í geymslu hjá sér og vilji láta okkur fá þau í staðinn fyrir að henda þeim,“ segir Rákel, sem býðst til að sækja gripina.

Hamskipti verða sýnd í Kanada, Boston og Washington strax eftir áramót. Sýningin verður einnig sett aftur upp í London því hún var valin ein af bestu sýningum Lyric Hammer-smith-leikhússins. „Það er mikill heiður fyrir okkur að fá að setja sýninguna aftur á svið í London en teppin sem við söfnum saman núna fara líklega í leikmyndina þar.“ Þeir sem luma á teppum eða ábendingum um hvar þau er að finna eru beðnir um að hafa samband við Rákel á pósthöfundinu rachel@vesturport.com.



LEITA AÐ TEPPUM Vesturport leitar að persneskum teppum fyrir leikmynd Hamskipta sem eru á leiðinni á heimsflakk. Myndin er frá uppsetningu verksins í Ósló.

www.jolagestir.is

Góa og Fjarðarkaup kynna með stolti

Jólagestir

Þjórgvíns 2012

Miðasala á Miði.is og í síma 540 9800

Miðasala á aukatónleika í fullum gangi!

Íslendingar jafn miklir hálfvitar og aðrir

Hugleikur Dagsson segist ekki hafa brotið reglur Facebook í kjölfar banns.

„Ég hugsa að klöguskjóðan hafi með þessu ætlað að hugsa um börnin og mitt svar við þeirri spurningu er alltaf það sama, þau eru ekki mitt vandamál,“ segir listamaðurinn Hugleikur Dagsson sem komst á óþekktarlista Facebook í annað sinn á dögnum.

Teiknimynd Hugleiks, „Hey kanína, komdu í partí“, var eytt út af samskiptasíðunni í síðustu viku eftir að kvartað hafði verið undan henni. Slíkt hið sama gerðist fyrir um hálfu ári þegar önnur mynd hans var bönnuð. „Síðast var um að ræða mynd þar sem vondi karlinn sagði orðið faggott. Það er voða slæmt orð yfir samkynhneigða og ég skildi svo sem að það hefði farið fyrir brjóstið á einhverjum svo ég var ekkert að pirra mig á því þá. Ég geymi bara flesta brandarana um hómófóbíu og rasisma fyrir bækurnar mínar eða persónulegri síður en Facebook til að halda réttisna fólkinu góðu,“ segir hann.

Kvörtunin kom honum töluvert meira á óvart í þetta skiptið. „Nú snerist brandarinn um mann sem reyndi að lokka kanínu í partí þar sem fólk var að hafa kynmök við dýr. Ég var með stillinguna á myndinni þannig að bara fólk á Íslandi gæti séð hana, enda bara þeir sem skilja brandarann þar sem hann tengist íslensku lagi. Það hlýtur því að hafa verið Íslendingur sem kvartaði og ég er þínu hissa á því, ég hélt alltaf að við værum klárari en svo. Það hefur verið þjóðarstoltið að blinda mig því Íslendingar eru, þegar öllu er á botninn hvolft, alveg jafn miklir hálfvitar og allar aðrar þjóðir,“ segir hann.

Í kjölfar atviksins fékk Hugleikur sendan póst frá samskiptasíðunni Facebook þar sem hann var minntur á reglur hennar. „Ég las þær allar yfir og sá að ég hafði í raun ekki brotið neinar



SAKLAUS Hugleikur segist hafa lesið yfir reglur samskiptasíðunnar Facebook og ekki getað séð að hann hafi brotið neinar reglur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ritskoðaði myndina og fékk 700 „like“

Eftir að teiknimyndin um kanínuna var tekin út af Facebook bjó Hugleikur til þessa ritskoðuðu útgáfu. Yfir 700 manns hafa sett „like“ við ritskoðuðu útgáfuna og í athugasemdakerfinu hafa meðal annars komið upp hugmyndir um ritskoðaða bók eða ritskoðað jóladagatal. „Ef ég man eftir því fyrir jólin 2013 að búa til svona dagatal þá er aldrei að vita nema ég framkvæmi það. Mér finnst það stórgóð hugmynd. Það yrði þá ritskoðað í upphafi, en yrði sífellt minna ritskoðað eftir því sem fleiri svartir kassar yrðu opnaðir. Þegar aðfangadagur kemur verður svo kominn þarna heill frumskógur af „politically incorrect“-teiknimyndum,“ segir Hugleikur. „Það er svo fyndið með svona ritskoðaðar myndir að oft eru þær verri en óritskoðaðar. Þegar svörtu kassararnir eru komnir, þá fyrst fer hugurinn á fullt og ímyndunarflið leikur lausum hala. Ég er viss um að margir ímynda sér að eitthvað mun verja leynist þarna á bak við þessa kassa en bara einhver spýtukarladýr,“ bætir hann við.



reglur. Þetta er allt saman túlkunaratriði,“ segir hann.

Spurður hvort hann hafi skilað til þess sem kvartaði undan

myndinni segir Hugleikur: „Ég ber ekki ábyrgð á uppeldi barna þinna, ég þekki þau ekki nógu vel til þess.“

tinnaros@frettabladid.is

Eftirsótt viðurkenning í bransanum

Íslensk sælgætisauglýsing í úrtaki Shots, eins helsta auglýsingamiðils heims.

„Þetta er eins og fyrir líffræðing að fá birta grein eftir sig í National Geographic,“ segir leikstjórninn Rúnar Ingi Einarsson. Auglýsing sem hann gerði fyrir Prince Polo-súkkulaðið hefur verið valin í úrval á vefsíðunni Shots.net, sem er einn helsti auglýsingamiðill heims.

Í hverri viku velur Shots.net nokkrar af bestu auglýsingum í heiminum til að fjalla um á síðunni og að þessu sinni komst auglýsing Rúnar Inga gegnum síuna. Auglýsingin er gerð af Fíton og Pegasus og var tekin upp á einum degi í sumar við Skógafoss. „Við vorum að reyna að endurskapa íslenska ættarmótstemmingu og hefðina fyrir súkkulaðinu. Þarna voru um 50 leikarar og nokkur dýr með tilheyrandi erfiðleikum í kringum það. Þessi auglýsing var í erfiðari kantinum svo það er kærkomið að fá þessa viðurkenningu,“

segir hinn efnilegi Rúnar Ingi, en áður hefur birst við hann viðtal á Shots.net.

Auglýsingin var gerð fyrir íslenskan markað og eru sýningar á henni nýhafnar. Rúnar Ingi segir birtinguna gríðarlega mikilvæga fyrir sig og þá sem að auglýsingunni stóðu. „Þetta sýnir að við erum alveg á sama stigi og auglýsingaframleiðendur úti í heimi og mikil viðurkenning og heiður fyrir okkur,“ segir Rúnar Ingi, sem þegar er farinn að finna fyrir afakstri birtingarinnar hjá Shots. „Ég er byrjaður að fá póst utan úr heimi svo þetta er að opna einhverjar dyr.“

-áp



MIKILL HEIÐUR Rúnar Ingi Einarsson er ánægður með að auglýsing hans komst í úrval auglýsinga á síðunni Shots.net.

PANTAÐU MEÐ APPI EÐA Á NETINU

Það er fljótlegt og þægilegt að panta með Domino's appinu og á vefnum okkar, dominos.is. Þannig geturðu valið, pantað, fylgst með pöntuninni á Pizzuvaktinni og fengið fréttir af tilboðum.

WWW.DOMINOS.IS

SÍMI 58 12345

DOMINO'S APP



TILBODIN GERAST VARLA BETRI.

Nú skaltu gera vel við þig.

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
DOMINO'S
1.000 KR.

ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU
MEÐ PREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM

VIÐ NOTUM EINGÖNGU
100%
ÍSLENSKAN OST

FIESTA Hvítlaukur, pepperoni, sveppir, ananas, rjómaostur og oregano





Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Með Mirstrument á Sónar

Mugison og Ásgeir Trausti hafa bæst í hóp þeirra listamanna sem koma fram á Sónar-hátíðinni sem verður haldin í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar. Mugison ætlar að koma fram með nýja og endurbætta útgáfu af hljóðfærinu sínu Mirstrument en hann kom einmitt fram á Sónar í Barse-lóna 2003 og þótti standa sig einkar vel. Meðal annarra sem hafa bæst við dagskrána eru Daninn Kasper Björke, Valgeir Sigurðsson, Samaris, Ghostigital, Pedro Pilatus, Captain Fufanu og Sísý Ey. Áður hafa James Blake, Squarepusher, Modeselektor, Gus Gus, Retro Stefson og fleiri boðað komu sína á hátíðina. Búist er við fjölda erlendra gesta á Sónar, auk þess sem erlendir fjölmiðlar hafa boðað komu sína.



Tónlistarverðmæti

Klak, nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, hefur fengið í lið með sér reynslubolta í að nota tónlist til að búa til peninga á hádegisfyrirlestri í Ofanleiti tvö í dag. Frum-mælendur eru Jakob Frímann Magnússon, Stuðmaður og tónlistarmógúll, og Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves. Yfirskrift Nýsköpunarhádegisins er: Tónlistarsköpun – Verðmætasköpun öðrum til eftirbreytni. „Viðburðurinn er öllum opin og ókeypis til þess að auðga nýsköpunaranda lykilaðila í íslensku atvinnulífi og allra landsmanna,“ segir á vef Klaks. - fb, óká



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Einmana Georg var ekki einn
- 2 Guðmundur neitar ásökunum: Segir málið hafa haft mikil áhrif á fjölskylduna
- 3 Harmageddon fer í loftið með nýjum stjórnendum
- 4 Klæddust flotgöllum til öryggis

Egill Arnason

JUNCKERS
parketolía



Mundu ...við erum flutt!


Suðurlandsbraut 20 - Sími: 595 0500
 www.egillarnason.is



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Hafðu það gott um jólin!

IQ-CARE
 Ein besta heilsudýna í heimi
 Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning
 Einnig úrval af heilsukoddum



STILLANLEG PROFLEX HEILSURÚM



2x90x200 cm með okkar bestu IQ heilsudýnu
 Verð aðeins kr. **349.900**

ÓDINN, ÝMIR, SAGA, FREYJA OG ÞÓR
 Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur
 Ýmir rúm 153x203 cm
 Verð aðeins kr. **124.900.-**



Valhöll heilsudýna 153x203 cm 5 svæðaskipt gormakerfi
 Verð aðeins kr. **89.900**

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



Úrval af svefnstofum



20% afsláttur

Jólagjöfn í ár

Hágæða sänguverasett og sloppar - Mikis úrval



Frábær jólagjöf

IQ-CARE Heilsukoddar

20% afsláttur

Rafdrifinn BOAS hægindastóll aðeins kr. 119.900

Rafdrifinn BOAS hægindasófi aðeins kr. 249.900

Lyftustóll kr. 159.900

Stillanlegur BOAS hægindastóll aðeins kr. 89.900

Stillanlegur BOAS hægindasófi aðeins kr. 179.900

MINE BOSS home MENDELE
 Olivier DESFORGES - McGregor - VanDyk

Þú færð jólagjöfina hjá okkur
 Úrval af sänguverasettum, sloppum, koddum o.fl.

12 mán.
 vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is